



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. nóvember 2008 – 322. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

### Sigurjón framleiðir SAS-mynd

Sigurjón Sighvats-son gerir kvikmynd eftir bók Sir Ranulph Fiennes.



FÓLK 34



### Eastwood hættur

Eftir hálfra öld á hvíta tjaldinu er Clint Eastwood hættur.

FÓLK 24

### Viðurkenning á starfinu

Guðjón Sigurðsson er fyrsti Íslendingurinn til að taka við formennsku Alþjóðasamtaka MND-félaga.

TÍMAMÓT 20


### Íslandsmeistarar- mót í sundi

Íslandsmet féllu á ÍM í 25 metra laug í Laugardalslaug í gær.



ÍÞRÓTTIR 30

### VEÐRIÐ Í DAG



**VÆTA ÚR VESTRI** Í dag verður vaxandi sunnanátt vestan til, 8-15 m/s síðdegis. Hægari annars staðar. Hlýnandi veður með rigningu eða slyddu vestan til síðar í dag en léttir þá til eystra.

VEDUR 4


# Sjötíu prósent vilja evru

Tæplega sextíu prósent vilja að Ísland sækir um aðild að Evrópusambandinu. Stuðningur minnkar mest meðal sjálfstæðismanna. Tæplega sjötíu prósent vilja nú falla frá íslensku krónunni og taka upp evru.

**SKOÐANAKÖNNUN** Rétt tæp sextíu prósent (59,6) vilja að Ísland sækir um aðild að Evrópusambandinu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Þetta er rúmlega níu prósentustigum minna en í október.


Mun færri sjálfstæðismenn vilja nú að Ísland sækir um aðild að Evrópusambandinu heldur en í október. 37,7 prósent vilja nú aðildarumsókn, en 50,5 prósent þeirra vildu slíka umsókn í október. Í millitíðinni tilkynnti Geir H. Haarde að Sjálfstæðisflokkurinn myndi setja á fót nefnd, undir forseti Kristjáns Þórs Júlíussonar, sem myndi endurmeta afstöðu flokksins til Evrópusambandsins í ljósi breyttra hagsmuna og á nefndin að skila af sér fyrir landsfund flokksins í janúar.

### STUÐNINGUR VIÐ EVRU



SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 22.10.'08

### STUÐNINGUR VIÐ ESB AÐILDARUMSÓKN



SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 22. 10.'08

Framsóknarflokkurinn hefur jafnframt, frá því í október, tilkynnt endurskoðun á Evrópusambandsstefnu sinni fyrir landsfund í janúar. Nú segjast 78,3 prósent framsóknarmanna vilja að Ísland sækir um, tæplega sextán prósentu-

stigum meira en í október. Meðal þeirra sem ekki gefa upp stuðning við flokk segjast tæplega tíu prósent færri nú vilja aðildarumsókn en í október, 58,2 prósent.

Stuðningur meðal vinstri grænna hefur einnig dregist

saman um tæp tíu prósentustig og segjast nú 45,5 prósent vilja aðildarumsókn.

Nokkuð fleiri lýsa yfir vantrausti á krónuna og segjast vilja taka upp evru í stað hennar, eða 68,0 prósent. Er það 4,5 prósentustigum minna en í október. Stuðningur við evruna hefur dregist saman um tæp tíu prósentustig meðal sjálfstæðismanna og er nú 45,5 prósent. Meirihluti stuðningsmanna annarra flokka vill evru í stað krónunnar. Stuðningurinn við evru hefur aukist meðal framsóknarfólks og er að ná stuðningi samfylkingarfólks. 85,7 prósent framsóknarmanna vilja evru en 90,9 prósent samfylkingarfólks. Um sextíu prósent vinstri grænna vilja evru í stað krónu.

- ss/ sjá síðu 4



**TÓKU SPORIÐ** Nýútkominni ævisögu Sæmundar Pálssonar, eða Sæma rokk, var fagnað í lðnó í gær. Sæmi og fyrrverandi dansfélagi hans, Jónína Karlsdóttir, tóku sporið, Raggi Bjarna söng og í bakgrunninum má sjá Lúdo og Stefan sem héldu uppi góðri stemningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Hjörtur Magni messar: Fríkirkjuprestur fagnar flóttu úr Þjóðkirkjunni

**TRÚMÁL** „Ef þetta er fagnaðarerindi Fríkirkjunnar finnst mér það heldur þunnt,“ segir Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, verkefnisstjóri á Biskupsstofu, um orð Hjartar Magna Jóhannessonar. Við messu í gær, sem útvarpað var í Ríkisútvarpinu, sagði Hjörtur Magni meðal annars að það væru góð tíðindi fyrir kristni í landinu hversu margir hefðu sagt sig úr Þjóðkirkjunni á undanförunum árum.



HJÓRTUR MAGNI JÓHANNESSON

Steinunn Arnþrúður vildi að öðru leyti ekki tjá sig um orð Hjartar. Hún hafi verið í messu sjálf og því ekki heyrt predikun hans.

- hhs

Lögregla mætti ekki á opinbert póker mót Pókersambands Íslands:

## Fjöldi á friðsamlegu póker móti

**SKEMMTUN** Póker mót var haldið á veitingastaðnum Gullöldinni í Grafarvogi í gær. Það var Pókersamband Íslands sem stóð fyrir mótinu og að sögn Ellerts Magnasonar, forseta sambandsins, mættu 63 spilarar til leiks.

Lögregla stöðvaði fyrsta opinbera póker mót íð sem haldið var hér á landi í fyrra sumar. Það var ekki á vegum Pókersambandsins.

„Lögreglan hefur aldrei stöðvað mót á okkar vegum,“ segir Ellert. „Þetta er annað mót íð sem við höldum. Lögreglan kom þegar við vorum með fyrsta

mótið en svo fór hún bara aftur þegar hún sá að hér er enginn þriðji aðili sem er að hagnast á einu eða neinu. Það er frítt húsnæði hér og enginn að hagnast,“ segir hann. Því séu lög ekki brotin, en samkvæmt hegningarlögum má ekki hafa atvinnu af því að stunda eða hvetja til fjárhættuspils eða halda úti spilavíti.

Rannsókn lögreglu á póker mótinu sem var stöðvað í fyrra lauk í september og er sem stendur hjá ríkissaksóknara. Dómsmálaráðherra skipaði nefnd í febrúar á þessu ári til þess að fara yfir þær reglur sem gilda um pókerspil hér á landi.

- þeb

Umræður á Alþingi:

## Vantrausts- tillaga verður tekin fyrir í dag

**STJÓRN MÁL** Umræða verður um vantrauststillögðu formanna stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi í dag.

Tillagan gerir ráð fyrir að Alþingi lýsi yfir vantrausti á ríkisstjórnina og þing verði rofið í seinasta lagi 31. desember. Efnt verði til þingkosninga í framhaldinu.

Útvarpað og sjónvarpað verður frá umræðunni. Hún hefst klukkan 13.30 og henni lýkur um 18.30. Atkvæðagreiðsla um tillöguna verður í beinu framhaldi. Steingrímur J. Sigfússon sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir helgi að ríkisstjórnin ætti ekki annað skilið.

- hhs

Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

33,4% Morgunblaðið  
70,7% Fréttablaðið

Allt sem þú þarft... alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.

Kafbátur mánaðarins

**BMIT** 6 tommu bátur

**329kr.**

Gildir í nóv. 08. Gildir ekki með öðrum tilboðum s.s. Stjórnunni

## SPURNING DAGSINS



Jón Erlendur, var þetta augljóst ofríki?

„Já, það gefur auga leið.“

Jón Erlendur Guðvarðarson var einn mótmælenda sem fékk piparúða framán í sig fyrir utan lögreglustöðina á Hverfisgötu á laugardaginn.

Sextán ára stúlka sem tók þátt í mótmælunum við lögreglustöðina:

## Blindaðist af piparúðanum

**MÓTMÆLI** Sextán ára stúlka fór á slysadeild í fyrradag eftir að hafa fengið piparúða í andlitnið í mótmælum við lögreglustöðina í Reykjavík. „Við vorum þarna báðar til að mótmæla handtöku Hauks,“ segir Anna Helgadóttir, móðir Jóhönnu Þóreyjar Þórarinsdóttur. „Við vorum búnar að taka þátt í friðsömum mótmælum á Austurvelli og vissum ekki betur en að þetta ættu líka að vera friðsöm mótmæli.“

Að sögn Önnu dróst Jóhanna inn í anddyri lögreglustöðvarinnar með hópnum. Engin leið var fyrir hana að komast aftur út vegna troðnings. Hún fékk úðann beint í andlitnið og



**Á SLYSADEILDINNI** Jóhanna Þórey, sextán ára, fékk piparúða beint í andlitnið í mótmælunum við lögreglustöðina í Reykjavík í fyrradag. MYND / ANNA HELGADÓTTIR

veltist út með hópnum, beint í fangid á móður sinni, sem fór með hana rakleiðis á slysadeildina. Anna

segir hana hafa verið sárþjáða.

Lögreglan brást við mótmælunum á rangan hátt, að mati Önnu. „Fólk missti hreinlega þolinmæðina þarna. Lögreglan var búin að hafa heilan klukkutíma til að tala við hópinn. En það var eins og verið væri að mótmæla frammi fyrir mannlausu húsi.“

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir að lögreglumaður hafi talað frammi fyrir fólkinu með gjallarhorn. Engin leið hafi verið að ræða við það, sökum þess hve mikil æsingur var í mannskapnum. Anna segist ekki hafa orðið vör við lögreglumanninn.

- hhs

Uppreisnarmenn í Kákasus:

## Sex létust í sprengjuárás

**RÚSSLAND, AP** Uppreisnarmenn urðu fjórum lögreglumönnum og tveimur óbreyttum borgurum að bana þegar þeir hófu árás í Tsjetsjeníu og nærliggjandi héruðum í gær.

Þrjú lögreglumenn létust þegar fjarstyrð sprengja var sprengd í bænum Sadovyi, nálægt höfuðborg héraðsins, Grozny. Sprengingin varð einnig óbreyttum borgara að bana auk þess sem fjórir lögreglumenn og fjórir borgarar slösuðust talsvert.

Þá var fjórði lögreglumaðurinn myrtur þegar uppreisnarmenn sátu um bíl hans.

- ag

## Bandarísk hjón í mál: McDonald's kært vegna nektarmynda

**BANDARÍKIN, AP** McDonald's í Bandaríkjunum á yfir höfði sér málsókn vegna birtinga á nektarmyndum á internetinu. Myndirnar voru í síma sem gleymdist á veitingastað McDonald's í Arkansas.

Maðurinn sem átti símann segir að starfsfólk staðarins hafi lofað að passa upp á símann þar til hann gæti náð í hann. Það hafi hins vegar sett myndirnar á internetið. Í símanum voru nektarmyndir af eiginkonu mannsins. Þau segjast hafa þurft að flytja og hafi orðið fyrir tekjutapi vegna þess að myndirnar birtust á Netinu. Þau krefjast þess nú að McDonald's bæti þeim tjónið.

- þeb

Kaupþing í Lúxemborg:

## Sigurður undirbýr kaupþing

**VIÐSKIPTI** Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, undirbýr kaupþing í Lúxemborg. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Sigurður mun, samkvæmt heimildum fréttastofunnar, fara fyrir hópi erlendra fjárfesta ásamt Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings í Lúxemborg. Í þeim hópi er meðal annarra þýski bankinn Landesbank.

Nú þegar hefur skilaneftnd Kaupþings borist fjölda tilboða í bankann, aðallega frá erlendum fjárfestum.

- jse

# Segist ekki hafa sett krónu í félagið Stím

Jón Ásgeir Jóhannesson segir blaðamann Morgunblaðsins hafa sagt sér að hann hefði engin gögn undir höndum sem tengdu hann við Stím. FME hefur lokið nokkrum þáttum rannsóknarinnar á málefnum félagsins.

**VIÐSKIPTI** „Ég tengist því á engan hátt, hef ekki sett krónu í þetta félag,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson athafnamaður spurður um tengsl sín við félagið Stím. Í sunnudagsblaði Morgunblaðsins segir að hann hafi ásamt Hannesi Smárasyni og fleirum stofnað félagið, sem fyrst hét FS 37. Það hafi síðan fengið lán hjá Glitni upp á 20 milljarða sem síðan voru notaðir til að kaupa hlutabréf í FL Group og Glitni til þess að hífa upp verðið á bréfunum.

Jakob Valgeir Flosason, útgerðarmaður frá Bolungarvík, er skráður stjórnarformaður félagsins og segir í greininni að hann hafi líklegast lánað eða leigt nafn sitt í þessum gjörningi.

„Ég held ég hafi aldrei hitt manninn eða alla vega aldrei rætt við hann um neitt félag,“ segir Jón Ásgeir spurður um tengsl sín við Jakob Valgeir. „Þetta eru hreinar lygar í Morgunblaðinu. Hún [Agnes Bragadóttir blaðamaður] er ekki með nein gögn undir höndum um að ég tengist þessu félagi, ég hef nú þegar spurt hana að því.“ Spurður hvað þeim hafi þá farið á milli segir hann: „þegar verið er að ljúga upp á mig þá hringi ég í fólk og læt það heyra það.“

Hann segist hafa hugleitt að fara í mál við Agnesi. „Lögfræðingar hafa haft samband við mig í dag og sagt að ég eigi mikinn rétt í þessu máli.“

„Málefni Stíms ehf. hafa verið til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu, þar með talið lánveitingar,“ segir Íris Björk Hreinsdóttir,



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Segist engin tengsl eiga við Stím eða hafa rætt við Jakob Valgeir um nokkurt félag. Þóður segir það skaðlegt fyrir markaðinn ef frásögn um Stím í Morgunblaðinu reynist sönn.

upplýsingafulltrúi Fjármálaeftirlitsins. „Eins og fram hefur komið opinberlega hefur ákveðnum þáttum málsins verið lokið, þar eð talið var að ekki hefði verið brotið gegn reglum um flöggun eða tilkynningarskyldu verðbréfavíðskiptalaga vegna

viðskipta Stíms ehf. við Glitni banka hf.“

„Ef frásögnin í Morgunblaðinu er rétt þá er það alveg ljóst að þetta er ekki til þess fallið að auka trú á mörkuðunum,“ segir Þóður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. [jse@frettabladid.is](mailto:jse@frettabladid.is)

Skotárás í verslunarmiðstöð:

## Einn lést og annar særðist

**WASHINGTON, AP** Lögreglan í Tukwila leitir nú árásmanns sem skaut mann til bana og særði annan alvarlega á laugardaginn í Southcenter-verslunarmiðstöðinni við Seattle. Þúsundir manna voru í verslunarmiðstöðinni, þegar árásmaðurinn hóf skothróð eftir að hafa átt í útistöðum við tvo karlmenn. Hann lét sig svo hverfa í mannfjöldann.

Verslunarmiðstöðinni var lokað í sex klukkustundir eftir atvikið. Starfsfólki og viðskiptavinum var hleypt út í litlum hópum, en þrátt fyrir stranga leit og öryggisgæslu fannst árásmaðurinn ekki. Lögreglan telur að árásin tengist klíkuskap, en fórnarlömbin tvö voru í kringum títugt.

Götusmiðjan styrkt:

## Fullt út úr dyrum á tónleikum

**FÓLK** Fullt var út úr dyrum á styrktartónleikum fyrir Götusmiðjuna, sem voru haldnir á Grand hótel í gærkvöldi. Þar komu fram fjölmargir þekktir tónlistarmenn sem allir gáfu vinnu sína.

Síðastliðinn föstudag gerðu Herbalife-fjölskyldusamtökin styrktarsamning við Götusmiðjuna. Samtökin eru góðgerðarsamtök sem eru studd af Herbalife-fyrirtækinu. Götusmiðjan heldur upp á tíu ára afmæli sitt um þessar mundir.

- þeb

## AKUREYRI

### Maraðonhlaup í júlí

Maraðonhlaup verður haldið í tengslum við Landsmót UMFÍ á Akureyri næsta sumar. Boðið verður upp á heilt maraðon, hálf maraðon, 10 kílómetra hlaup og skemmtiskokk. Hlaupið verður laugardaginn 11. júlí en landsmótið stendur yfir 9.-12. júlí. Maraðonhlaupið verður öllum opið.

Fjórdi borgarafundurinn verður haldinn í Háskólabíói klukkan átta í kvöld:

## Einn ráðherra boðar komu sína

**SAMFÉLAGSMÁL** Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra var eini ráðherra ríkisstjórnarinnar sem hafði í gærkvöldi boðað komu sína á borgarafund sem haldinn verður í Háskólabíói í kvöld. Á sviðinu verða merkt sæti fyrir alla ráðherra ríkisstjórnarinnar, þingmenn og seðlabankastjóra. Gunnar Sigurðsson, leikstjóri og einn aðstandenda borgarafundanna, segir markmiðið að fylla salinn í Háskólabíói og helst gott betur. Færri en vildu hafa komist að á fundunum hingað til. Í þetta sinn komast allir að sem vilja þar sem sett verður upp stórt tjald frammi á gangi fyrir þá sem ekki ná sæti. „Við fyllum ekki húsið nema allir mæti sem boðað hafa komu sína. Við hvetjum alla til að mæta, þarna er okkar tækifæri til að koma okkar hugmyndum og skoðunum á framfæri, milliliðalaust.“

Borgarafundurinn hefst klukkan átta. Þau Þorvaldur Gylfason hagfræðingur, Silja Bára Ómarsdóttir alþjóðastjórnmaláfræðingur, Benedikt Sigurðarson framkvæmdastjóri og Margrét Pétursdóttir verkakona hefja fundinn með fimm mínútna ræðu hvert. Á eftir gefst fundargestum



**FRÁ FYRSTA FUNDINUM Í IÐNÓ** Ekkert minna en Háskólabíói dugar fyrir borgarafundinn sem haldinn verður í kvöld klukkan átta.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

tækifæri til að tjá sig í tvær mínútur hver eða spyrja þátttakendur í pallborðsumræðum spurninga.

- hhs

**Na na na bú bú!**  
Sagan um Malla Montrass

Elin Elísabet Jóhannsdóttir og Halla Sólveig Þorgeirsdóttir

**SPAUGILEG BÓK Í FÚLUSTU ALVÖRU**  
www.skaholtsutgafan.is

# 6x í bíó og 2.000 kr. notkun á mán. í 12 mánuði

– með öllum símatilboðum!

0 kr. Nova  
í Nova!

Komdu yfir til Nova, náðu þér í splunkunýjan síma og sjáðu nýjustu myndirnar í bíó – 6 sinnum!

Bíókort fylgir öllum símatilboðum Nova í áskrift og frelsi.



Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

GAJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	140,24	140,90
Sterlingspund	209,88	210,90
Evra	176,51	177,49
Dönsk króna	23,678	23,816
Norsk króna	19,825	19,941
Sænsk króna	17,152	17,252
Japanskt jen	1,4729	1,4815

SDR	206,97	208,21
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

237,5162

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bítlanna minnst í Páfagarði:  
Segja Bítlana standa upp úr

**VATIKANID, AP** Fjölmíðlar í Páfagarði hylla nú Bítlana í tilefni þess að fjórutú ár eru liðin síðan Hvíta albúm hljómsveitarinnar kom út. Pressan í smárfkinu hefur einnig vissar meiningar um þau ummæli sem John Lennon lét falla árið 1966, um að breska bandið væri vinsælla en Jesús.

Vatíkanska dagblaðið L'Osservatore Romano minnst þess að ummæli Lennons hafi reitt marga til reiði á sínum tíma, en í sunnudagsútgáfu blaðsins eru ummæli hans afsökuð sem mont ungs manns í átökum við óviðbúna frægð.

Einnig er sagt að Hvíta albúmið sýni hve sköpunarglaðir Bítlarnir voru, miðað við það sem þeir kalla „hefðbundna og ófjölbreytta“ tónlist samtímans. - ag

LÖGREGLUFRÉTTIR

Óku undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði þrjú karlmenn sem óku undir áhrifum fíkniefna um helgina. Þá voru þrjú karlmenn stöðvaðir á Vestfjörðum um helgina, einnig grunaðir um akstur undir áhrifum fíkniefna. Þeim öllum sleppt að loknum sýna- og skýrslutökum.

Bílvelta á Snæfellsnesi

Jeppi valt við bæinn Hólkot á Snæfellsnesvegi upp úr klukkan 13 í gær. Tvennt var í bílnum og sluppu þau með minniháttar meiðsl, en að sögn lögreglu var fljúgandi hálka á veginum og mikill vindur.

Brotist inn í bíla

Þrjú aðilar voru handteknir aðfaranótt laugardags í Vestmannaeyjum fyrir að brjóstast inn í bíla og taka þar lausamuni. Þeir voru allir handteknir og vistaðir í fangageymslu, en sleppt lausum á laugardagsmorgun eftir greiðslu sektar.

Forseti Palestínu vill hefja sáttaviðræður við Hamas-samtökin á ný:

Segist ætla að boða til kosninga

**PALESTÍNA, AP** Forseti Palestínu, Mahmoud Abbas, segist muna boða til forseta- og þingkosninga snemma á næsta ári ef Hamas-samtökin hefja ekki sáttaviðræður við hann á ný. Hamas-samtökin hafa hafnað þessu og segja að slíkar kosningar standist ekki stjórnarskrá.

Hamas-samtökin náðu meirihluta í þinginu í kosningum árið 2006. Í júní 2007 náðu samtökin svo völdum á Gazasvæðinu og síðan hefur forsetinn aðeins stjórnað Vesturbakkanum.

Abbas var kjörinn forseti til fjögurra ára í janúar 2005, svo kjörtímabili hans á að ljúka í

janúar. Hins vegar segir í palestínskum lögum að forsetakosningar og þingkosningar skuli halda saman, og þingkosningar eiga ekki að fara fram fyrr en í janúar 2010. Abbas hefur gefið til kynna að hann hyggist því sitja sem forseti í ár til viðbótar. Þetta hefur valdið deilum á milli forsetans og Hamas-samtakanna.

Samtökin gagnrýndu ummæli forsetans og segja þau aðeins vera tilraun til að þrýsta á að þau samþykki að hann sitji áfram sem forseti. Þá saka þau hann um að nota sáttaviðræðurnar sem afsökun fyrir því að sitja lengur. - þeb



FORSETINN Mahmoud Abbas ávarpaði leiðtoga PLO, frelsissamtaka Palestínu, á fundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftirlit í Vestmannaeyjum:

Tveir teknir með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Nítján ára karlaður var tekinn með fjórtán grömm af amfetamíni, tvær E-töflur og eitt gramm af MDMA-efni við reglubundið eftirlit við komu Herjólfss á föstudagskvöld. Við yfirheyrslu sagðist hann eiga efnin sjálfur og sagði þau vera til eigin nota. Málið telst upplýst, en maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglunnar, bæði vegna fíkniefnamála og annarra afbrota. Fyrr um kvöldið fundust fíkniefni á farþega sem kom með flugi til Eyja. Hann viðurkenndi að eiga efnið, sem var neysluskammtur af kannabisefni og telst málið vera að fullu upplýst. - ag

Meirihluti vill ESB-umsókn og evru

Tæplega sextíu prósent segjast nú vilja að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu, í stað tæplega sjötíu prósent í október. Tæplega sjötíu prósent vilja að tekin verði upp evra. Voru rúmlega sjötíu prósent í síðasta mánuði.


**SKOÐANAKÖNNUN** Rétt tæplega sextíu prósent, eða 59,6 prósent, segjast vilja að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Þetta er rúmlega níu prósentustigum minni stuðningur en mældist undir lok október í könnun blaðsins. Það að stuðningur við umsókn dali á þessu tímabili kemur ekki á óvart, þar sem Evrópusambandið var í millitíðinni gagnrýnt fyrir að neyða Ísland til samninga um innistæðutryggingar, áður en hægt væri að afgangi lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Eins og áður er mestur stuðningur við aðildarumsókn meðal kjósenda Samfylkingar og segjast nú 86,8 prósent þeirra vera fylgjandi aðildarumsókn, rúmum sex prósentustigum minna en í október. Stuðningur vinstri grænna við aðildarumsókn hefur dalað um tæp tíu prósentustig milli mánaða og segjast nú 45,5 prósent þeirra vera fylgjandi umsókn.


Frá síðustu könnun hafa bæði Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur kynnt að landsfundir verði flýtt þar sem kynna á afstöðu flokkanna til Evrópusambandsins. Frá því í síðasta mánuði hefur stuðningur kjósenda Sjálfstæðisflokks dalað um tæp þrettán prósentustig og segjast nú 37,7 prósent þeirra styðja aðildarumsókn. Stuðningur við umsóknina er minnstur meðal sjálfstæðismanna.

Stuðningur framsóknarfólks eykst hins vegar á milli mánaða um tæp sextán prósentustig og segjast 78,3 prósent þeirra vera fylgjandi umsókn. Meðal þeirra

Á ÍSLAND AÐ SÆKJA UM AÐILD AÐ ESB?



Á AÐ TAKA UPP EVRU Í STAÐ KRÓNUNNAR?



sem ekki gefa upp stuðning við flokk dalar stuðningurinn um tæp tíu prósentustig og segjast nú 58,2 prósent þeirra vilja að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu.

Stuðningur við evru í stað íslensku krónunnar hefur ekki dalað jafn mikið og stuðningur við aðildarumsókn. 68,0 prósent segjast nú frekar vilja evru en krónu, í stað 72,5 prósent á fyrria mánuði.

45,5 prósent sjálfstæðismanna styðja nú upptöku evru, sem er tæplega ellefu prósentustigum minna en í október. 85,7 prósent framsóknarmanna styðja upptöku

evru og 60,3 prósent vinstri grænna. Mestur er stuðningurinn meðal samfylkingarfólks, 90,9 prósent og 72,5 prósent þeirra sem ekki gefa upp stuðning við flokk styðja upptöku evru.

Hringt var í 800 manns 22. nóvember og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; Á að taka upp evru í stað íslensku krónunnar? 74,6 prósent tóku afstöðu til þess. Þá var spurt; Á Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu? 77,6 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabladid.is

Miðborg Reykjavíkur:

Ekið á gangandi mann

**LÖGREGLUMÁL** Ekið var á gangandi vegafaranda í Reykjavík klukkan tuttugu mínútur yfir fjögur aðfaranótt sunnudags, en atvikið átti sér stað neðarlega á Hverfisgötu.

Ókumaður bílsins var sautján ára karlaður og er hann grunaður um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna. Vegfarandinn sem ekið var á, tvítugur karlaður, var fluttur á slyssadeild Landspítalans í kjölfar áreksstursins og reyndist hann vera lærbrotinn.

Ókumaðurinn var ekki með fíkniefni í fórum sínum og var honum sleppt að lokinni skýrslutöku. - ag

Barack Obama:

Beitir sér gegn hryðjuverkum

**KABÚL, AP** Barack Obama, nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, ætlað að beita sér gegn hryðjuverkum í Afganistan í stjórnartíð sinni. Obama og forseti Afganistans, Hamid Karzai, ræddust við í síma á laugardaginn var en þetta er í fyrsta sinn sem þeir ræðast við frá því Obama var kjörinn forseti. Obama sagði baráttuna gegn hryðjuverkum í Afganistan vera eitt af forgangsaatriðum hjá sér.



BARACK OBAMA

Rúmlega 30 þúsund Bandaríkjamenn eru nú í Afganistan, en þeim mun fjölga talsvert á næsta ári. Karzai gleðst yfir yfirlýsingu Obama, því Karzai hefur löngum talið stjórnmöld í Pakistan styðja talibana og eiga hlut að árásum þeirra á Afganistan. - ag

**Ævintýrin bíða þín!**  
Ríkulega myndskreyttar  
WALL·E  
Skellibjalla  
Edda edda.is

**VEÐURSPÁ**  
Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur  
UMHLEYPINGAR  
Það má segja að það sé gróðrarstía fyrir myndun lægða milli Íslands og Grænlands. Við finnum fyrir því með endalausum breytileika í veðrinu. Í dag hvessir vestan til á landinu með slyddu eða rigningu síðdegis enda er hann að hlýna og verður víðast frostlaust í nótt. Sæmilega milt verður á morgun vestan til með rigningu þar síðdegis. Svo kólnar með éljum nyrðra á miðvikudag.  
Á MORGUN 8-18 m/s, hvassast með morguninum.  
MIÐVIKUDAGUR 3 8-13 m/s norðan til annars hægari.  
HEIMURINN  
Alicante 19°  
Amsterdam 6°  
Basel 5°  
Berlín 0°  
Billund 2°  
Eindhoven 3°  
Frankfurt 5°  
Friedrichshafen -1°  
Gautaborg 1°  
Kaupmannahöfn 4°  
Las Palmas 21°  
London 7°  
New York 9°  
Orlando 23°  
Ósló -1°  
París 6°  
Róm 15°  
Stokkholmur 1°  
Vindhraði er í m/s.  
Hitastig er í °C.  
Gildistími korta er um hádegis.

**MÁNUDAG OG ÞRIÐJUDAG**



**ALLAR VÖRUR Á**

**30%**

**AFSLÆTTI**

Aðeins mánudag 24.11 og þriðjudag 25.11



**ALLTAF VEL KLÆDDUR**

Laugavegi 5629730 - Kringlunni 5680800 - Smáralind 5659730 - Akureyri 4627800

## KJÖRKASSINN



Fannst þér mótmælendur ganga of langt í mótmælunum við lögreglustöðina við Hlemm?

Já	61,1%
Nei	38,9%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fannst þér lögregla ganga of langt með því að nota piparúða á mótmælendur á laugardag?

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Yngingaraburður unninn úr þorskinnyflum selst víða um heim:

## Græn vara unnin úr þeim gula

**VÍÐSKIPTI** Snýrtivörur sem Jón Bragi Bjarnason, lífefnafræðingur frá Háskóla Íslands, hefur þróað úr þorsklógi eru seldar víða um heim meðal annars undir vörumerkinu Dr. Bragi. Í apríl síðastliðnum hlaut Jón Bragi CEW-verðlaunin fyrir þessa framleiðslu en það eru ein þau eftirsóttustu verðlaun sem hægt er að vinna til í snýrtivöruheiminum.

Efnið kallar hann Penzyme en það er unnið úr þorskensími. „Innyfli úr þorski eru náttúrulega afurð sem engum dettur í hug að setja framan í sig en þegar vísindin eru búin að meðhöndla þetta þá er þetta niðurstaðan,“ segir Jón Bragi.

„Þetta er svona yngingaraburður sem eyðir hrukum, losar dauðar húðfrumur og bætir næringarflæði til húðarinnar. Þetta er nokkuð sérstakt því þetta inniheldur engin krem eða

ólur. Eins eru engin rotvarnarefni, lyktarefni né litarefni sem er mjög til bóta því öll þessi efni geta valdið ofnæmisviðbrögðum hjá sumu fólki. Þetta er mjög græn vara, jafnvel þótt hún sé unnin úr þeim gula,“ segir hann kankvís.

Fyrirtæki Jóns Braga, Ensímtækni, framleiðir vöruna hér á Íslandi en hún hefur verið seld undir breska vörumerkinu Dr. Bragi í eitt og hálf ár. Þar að auki hefur hún verið seld til fyrirtækja frá Frakklandi, Bretlandi og Bandaríkjunum.

- jse

**JÓN BRAGI BJARNASON AÐ EINANGRA ENSÍMIÐ** Það dettur ekki mörgum í hug að maka framan í sig þorskinnyflum nema þá að vísindamaðurinn sé búinn að eiga við þau. Hér er Jón Bragi á vinnustofunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



Olís er leyfishefi Quiznos á Íslandi.

# 12 STAÐIR

OLÍS ÁLFHEIMUM, OLÍS GULLINBRÚ, HOLTAGÖRÐUM, OLÍS MJÖDD, OLÍS NORÐLINGAHOLTI, NYBÝLAVEGI, SUÐURLANDSBRAUT, OLÍS AKRANESI, OLÍS AKUREYRI, OLÍS BORGARNESI, OLÍS KEFLAVÍK, OLÍS REYÐARFIRÐI

Quiznos SUB

## Mistök urðu þegar boða átti í afplánun

Haukur Hilmarsson hafði verið eftirlýstur frá 11. nóvember. Hann hafði ekki hugmynd um það sjálfur. Mistök af hálfu starfsmanns, segir Erna Björg Jónmundsdóttir, deildarstjóri Innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar.

**MÓTMÆLI** Mistök réðu því að Haukur Hilmarsson var eftirlýstur án þess að hafa um það nokkra hugmynd. „Vissulega á að boða menn aftur inn til afplánunar ef þeir hafa verið settir út vegna plássleysis,“ segir Erna Björg Jónmundsdóttir, deildarstjóri Innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar. „Það hins vegar fórst á milli hluta þarna, þar sem það er einsdæmi að maður hafi verið færður til afplánunar eftir að hafa verið settur út. En Haukur hefur verið eftirlýstur í handtöku frá 11. nóvember.“

Haukur hafði fengið sektardóm vegna mótmælaaðgerða. Hann var búinn að afplána hluta refsingarinnar þegar honum var gert að fara, sökum plássleysis.

Afstæða, félag fanga, sendi frá sér harðorða tilkynningu í fyrrakvöld þar sem skýring lögregluunnar á handtöku Hauks, um að hann hafi verið handtekinn til að afplána vararefsingu, er dregin í efa. Öll fangelsi séu yfirfull og á þriðja hundrað manns á biðlista. Afbrotamenn með mun alvarlegri brot á bakinu en Haukur bíði afplánunar.



EVA HAUKSDÓTTIR

Haukur sjálfur lýsti undrun sinni yfir að hafa verið látinn dýsa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Þetta segir Erna alvanalegt. „Flestir þeirra sem eru settir inn vegna vararefsinga eru fyrst fluttir inn á lögreglustöð. Algengt er að menn séu þar í allt upp undir tíu daga áður en þeir eru fluttir í fangelsi.“

Skýringar lögregluunnar segir Eva Hauksdóttir, móðir Hauks, ekki ganga upp. „Haukur er margoft búinn að hitta lögregluna



**Á ÞAKI ÞINGHÚSSINS** Haukur Hilmarsson flaggaði Bónusfánanum á þaki Alþingishússins fyrir rúmum tveimur vikum á meðan á mótmælum stóð á Austurvelli. Hann var einmitt handtekinn í vísindaferð í Alþingishúsinu síðastliðinn föstudag. Það olli mikilli reiði.

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

### Hálftíma bið eftir sjúkrabíl

Tæpur hálftími leið frá því að lögreglan beitti piparúða á mótmælendur þar til sjúkrabílar mættu á svæðið til að veita þeim aðstoð. Flestir þeirra höfðu þá bjargað sér sjálfir eða þegið hjálp annarra þegar tvo sjúkrabíla bar að. Sjö manns nýttu sér hjálp í þeim.

„Ég gat ekki opnað augun og þetta var alveg rosaalega sársaukafullt. Ég var ekki búin að jafna mig fyrr en um níu leytið í gærkvöldi,“ segir Þórunn Ólafsdóttir, ein þeirra sem varð fyrir úðanum. Hún komst heim með hjálp vina.

Hjá slökkviliðinu í Reykjavík fengust þær upplýsingar að sjúkrabílar hafi verið sendir af stað skömmu eftir að fyrstu tilkynningarnar komu inn á Neyðarlínuna, eða klukkan 17.09. Lögreglan beitti piparúðanum klukkan 16.45 og fullyrtu mótmælendur að þá strax hefði verið haft samband við Neyðarlínuna. Það fékkst ekki staðfest hjá Neyðarlínunni í gær.

- hhs

frá því 11. nóvember. En það var hentugt hjá þeim að taka hann á föstudagskvöldi. Hann á eftir að afplána tvær vikur, þá hefði hann einmitt misst af tveimur laugardögum í mótmælum.“ Hún gerir ráð fyrir að Haukur kæri handtökuna. „Haukur hittir Ragnar Aðal-

steinsson, lögmann sinn, á morgun. Þá mun hann taka endanlega ákvörðun um það. En ég tel allar líkur á að hann kæri, til að setja tóninn fyrir það hvað er hægt að leyfa sér að ganga langt gagnvart mótmælendum.“

holmfridur@frettabladid.is

### Minum á desemberuppþótina

Desemberuppbót á að greiða ekki seinna en 15. desember.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK  
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing  
Réttlæti


VR

betri kaup

-það hagkvæmasta sem við bjóðum í prentun

## A5 Bæklingar

4 síður - 1000stk **38.943kr\***



**LÆGRA VERÐ - SÖMU GÆÐI**

Vörulýsing: 150g pappír prentaður í fullum lit, brotinn. Vinnslutími er alltaf 4 virkir dagar. Frá þriðjudegi til föstudags og svo föstudegi til miðvikudags. Skila þarf gögnum til Odda fyrir kl. 12.00 á skiladegi og þarf prófark að vera samþykkt fyrir kl. 14.00 sama dag. Varan er tilbúin á afgreiðslulager Odda að Höfðabakka 7. \*Verð er gefið upp án 24,5% vsk. Birt með fyrirlýsingu um prentvillur.

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík  
sími 515 5000, www.oddid.is

Oddi

Fjöldmörg innbrot og þjófnaðarmál í rannsókn hjá lögreglu á Selfossi:

## Keypti bílvél sem hann átti

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi rannsakar nú sérkennilegt mál sem snýst um notaða bílvél. Maður sem keypti umrædda vél nýlega í Hveragerði komst að því þegar hann fór að skoða hana betur að hann hefði verið að kaupa vél sem stolið var frá honum fyrir nokkrum árum.

Þá handtók lögreglan á Selfossi karlmann nýverið vegna innbrots í Hveragerði. Hann viðurkendi innbrotið og að hafa stolið verkfærum og munum fyrir nærri eina milljón króna. Við húslleit hjá honum í Hafnarfirði fundust svo nýir hjólarðar að verðmæti um 700 þúsund krónur

sem mun hafa verið stolið af dekkjalager á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess voru þar tvö torfæruvélhjul sem grunur leikur á að hafi verið stolið. Maðurinn var látinn laus að yfirheyrslu lokinni.

Auk þessa hefur lögreglan haft í nógu að snúast því brotist var inn í sumarþústaði í Grímsnesi og í Bláskógabyggð. Úr bústöðunum var stolið smíðaverkfærum og flatskjám. Engar vísendingar eru um hverjir þarna hafa verið að verki og eru málin í rannsókn.

- jss

# JÓLATILBOÐ

**30%  
AFSLÁTTUR!**



## CHERY

Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200).  
Innifalið botn, rammi og gaff.  
Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.

Áður 349.850 kr.  
NÚ 244.895 kr.  
= 104.955 kr.  
**AFSLÁTTUR!**

# REKKJUNNAR

## PRIME

Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200).  
Innifalið botn, rammi og gaff.  
Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.

Áður 247.181 kr.  
NÚ 173.027 kr.  
= 74.154 kr.  
**AFSLÁTTUR!**



## VIKTORIA

Rúmstæði með heilsudýnu (160x200).  
Innifalið botn, rammi og gaff.  
Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.

Áður 339.900 kr.  
NÚ 237.930 kr.  
= 101.970 kr.  
**AFSLÁTTUR!**



## GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR

Í REKKJUNNI FÆRÐU GJÖF HANDA ÞÍNUM NÁNUSTU SEM GERIR HVERJA NÓTT GÓÐA NÓTT



## HEILSUKODDAR

í miklu úrvali

á einstöku jólatilboði

VERÐ FRÁ 5.900 KR.

## KAUFFMANN

Hitajöfnar dúnsængurnar frá Kauffmann sem hafa farið sigurför um heiminn.

Verð frá 25.920 kr.

**10%  
AFSLÁTTUR!**

## MIKID ÚRVAL AF SÆNGURFÖTUM Á ÓTRÚLEGU JÓLATILBOÐI



20% AFSLÁTTUR  
Verð frá 4.240 kr.

# rekkjan

**VEISTU SVARID?**



1. Hvað heitir mótmælandinn sem flaggaði Bónusfána á Alþingishúsinu fyrir um hálfum mánuði?
2. Fyrir hvaða landi tapaði íslenska kvennalandsliðið í handbolta á Möbelringen Cup-æfingamóti í Noregi á laugardag?
3. Hvert vill Kristján Þórðarson eða Stjáni stuð fara í telfni af fergumafmæli sínu á næsta ári?

SVÖR Á SÍÐU 34

Nýrnaveiki, sem litin er alvarlegum augum erlendis, greind í Elliðavatni:

# Sjúkdómur í Elliðavatnsbleikju

**LÍFRÆÐI** Nýrnaveiki greindist við rannsóknir á bleikju í Elliðavatni í byrjun október. Átján bleikjur voru skoðaðar og reyndust þrjár þeirra hafa sjúklegar breytingar í nýrum.

Rannsókn Árna Kristmundssonar frá rannsóknardeild fisksjúkdóma á Keldum staðfesti grun um að hér væri á ferðinni svokölluð PKD-sýki (Proliferative Kidney Disease) sem smásætt sníkjudýr veldur. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi sjúkdómur greinist hér á landi. Rannsóknir erlendis hafa sýnt að mikil afföll geta orðið af fiski í náttúrunni af völdum þessa sjúkdóms. Sérstaklega í ungviði laxfiska.

Lítið er hægt að segja um útbreiðslu sjúkdómsins hér á landi, eða hvort hann hafi valdið skaða hér. Brýnt er talið, ekki síst í ljósi sjúklegra breytinga í villibleikju, að kanna útbreiðslu sýkilsins í villtum laxfiskum hér á landi og áhrif hans á heilsu fiska. Þessi tegund nýrnaveiki er litin mjög alvarlegum



FRÁ ELLIÐAVATNI Þrjár bleikjur af átján reyndust sýktar við rannsóknina. Rannsóknir á fyrribærinu eru taldar aðkallandi.

augum til dæmis í Noregi. Það sem telst alvarlegt við þennan sjúkdóm er að hann leggst á allar tegundir; lax, urriða og bleikju. Þetta gerir að verkomu að sjúkdómurinn getur breiðst út frá stöðuvatni til ár, til næstu ár með sjóbleikju og sjúrríða sem ekki ganga langt til hafs.

## Forseti Egyptalands: Þingsæti frátekinn fyrir konur

**EGYPTALAND, AP** Hosni Mubarak, forseti Egyptalands, ætlað sér að fjölga konum á egypska þinginu á næsta ári.

Mubarak ávarpaði báðar deildir þingsins í gær og lofaði að tvö þingsæti hvers héraðs yrðu frátekinn fyrir konur. Níu konur sitja á þingi. Fjórar þeirra voru kjörnar en hinar fimm voru skipaðar af forsetanum. Engin þingsæti eru nú frátekinn fyrir konur.

Kvenréttindafélög í Egyptalandi hafa sagt að meira þurfi að koma til eigi að rétta hlut kvenna í stjórnmálum í landinu.

- þep

**Doktorsstyrkur í stýritækni við Háskóla Íslands**

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ [www.verk.hi.is](http://www.verk.hi.is)

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Doktorsstyrkur í stýritækni við rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands er laus til umsóknar. Styrkurinn er fánægur strax og getur enst í 3 ár, miðað við eðlilegan framgang rannsókna, sem leiði til birtinga ritrýndra greina á alþjóðlegum vettvangi og endanlega til doktorsritgerðar við lok tímabilsins. Nemandinn skal einnig ljúka 60 ECTS einingum í námskeiðum á tímabilinu.

Doktorsverkefnið lýtur að því hvernig framsetning lausna fyrir línulegar diffur- og mismunajöfnur á lokuðu formi nýtist við að hanna reiknirit til stýringa kerfa og til líkanssmækkunar. Verkefnið verður unnið innan teymis sem Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor við rafmagns- og tölvuverkfræðideild, stýrir (sérsvið sjálfvirk stýrikerfi, <http://hi.is/is/simaskra/728>, [ash@hi.is](mailto:ash@hi.is)). Í teyminu starfar einnig Sven Þ. Sigurðsson, prófessor við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild (sérsvið reiknifræði, <http://www.hi.is/is/simaskra/1289>, [sven@hi.is](mailto:sven@hi.is)) auk doktorsnema, MS og BS nemenda.

- » Við leitum að áhugasömum afburðanemanda með góða samskiptahæfni. Umsækjendur skulu hafa lokið MS prófi í rafmagnsverkfræði með áherslu á stýrifræði og sterkan bakgrunn í stærðfræði, eða MS prófi í hagnýtri stærðfræði eða reikniverkfræði með tengsl við stýrifræði.
- » Með umsókn skal fylgja feril- og ritaskrá ásamt greinargerð sem útskýrir hvers vegna umsækjandi hefur áhuga á verkefninu. Einnig skulu fylgja nöfn og netföng þriggja meðmælenda.

**Umsókn berist til:**  
Önnu Soffíu Hauksdóttur, [ash@hi.is](mailto:ash@hi.is)  
rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands  
Hjarðarhaga 6, 107 Reykjavík.

Tekið verður við umsóknum þar til styrknum hefur verið ráðstafað.

# Skiptinemadvölin þrefaldaðist í verði

Sextán ára stelpa varð að hætta við skiptinemadvöl í Ástralíu vegna verðhækkunar. Hætti við að fara í menntaskóla í haust til að safna fyrir ferðinni. Fær ekki endurgreiddar rúmar hundrað þúsund krónur frá AFS.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Mig hefur alltaf langað til Ástralíu og var búin að hlakka svo til að fara,“ segir Elín Bogga Þrastardóttir sem varð að hætta við skiptinemadvöl í Ástralíu vegna hruns á gengi krónunnar. Í sumar, þegar Elín Bogga sótti um skiptinemadvöl í gegnum AFS, fékk hún þær upplýsingar að ferðin myndi kosta á bilinu fimm til sex hundruð þúsund krónur. Síðar var gjaldinu breytt í tíu þúsund dollara og því næst féll gengið. Kostnaðurinn í dag er því 1,4 milljónir króna. Elín Bogga útskrifaðist úr tunda bekk síðasta vor og ákvað að taka sér frí í eitt ár til að vinna og safna sér fyrir ferðinni. „Ég átti að fara núna í febrúar og vera í hálfít ár. Ég væri komin með alveg nóg fyrir ferðinni núna, ef verðið hefði ekki breyst.“

En Elín hefur þegar tapað nokkru fé á viðskiptunum. Hún fær ekki endurgreitt staðfestingargjald upp á 115 þúsund krónur. Segist hún þó hafa verið fullvissuð um, og það oftast en einu sinni, að ef ske kynni að hún hætti við fengi hún það til baka.

Eyrún Eyþórsdóttir, framkvæmdastjóri AFS á Íslandi, segir að ekki komi til greina að endurgreiða staðfestingargjaldið. „Við sendum bréf til allra í lok september um að verðinu hafi verið breytt í dollara. Þá gáfum við fólki kost á að fá endurgreitt innan tíu daga. Það heyrðist ekki í þessari fjölskyldu fyrr en nú í vikunni. Ef hún hefði hætt við fyrr hefðum við getað notað plássíð fyrir einhvernum annan.“ Umrætt bréf barst fjölskyldu Elínar Boggu hins vegar aldrei.



ELÍN BOGGA ÞRASTARDÓTTIR Tók ákvörðun um að geyma menntaskólann til að vinna og safna sér fyrir skiptinemadvöl í Ástralíu. Varð að hætta við þar sem verðið þrefaldaðist í millitíðinni.

Eyrún segir samtökin finna fyrir erfiðleikum í þjóðfélaginu. „Við höfum reynt að mæta þessum erfiðleikum með því að koma betur til móts við fólk, meðal annars með styrkjum og dreifingu greiðslna. Við hvetjum fólk til að leggja í þessa fjárfestingu, því við vitum að hún er vel þess virði.“ Elín Bogga ætlað að hefja nám á

ný og stefnir á Flensborg eftir áramótin. Hún er þó ekki búin að leggja drauminn um útlönd alfarið á hilluna.

„Ef ástandið lagast eitthvað kemst ég kannski út næsta haust. Mig langar að minnsta kosti alveg jafn mikið að komast út, helst eitt hvert langt í burtu hédan.“

[holmfridur@frettabladid.is](mailto:holmfridur@frettabladid.is)

Dísilólía hefur hækkað mjög í verði síðan olúgjaldi var bætt á:

# Dísil mun dýrara en bensín

**NEYTENDUR** Lítrinn af dísilolíu kostar nú þrjátíu krónum meira en lítri af bensíni. Á útsöslustöðum Olís kostaði dísillítrinn 179,60 krónur en af bensíni 149,50. Í Danmörku er olían ódýrari en bensínið.

Samúel Guðmundsson, framkvæmdastjóri vörustýringarsviðs hjá Olís, segir skýringuna einfalda. „Það er gríðarlega mikill munur á innkaupsverði á olíu og bensíni. Sama þróun er í gangi í Evrópu almennt vegna þess að eftirspurnin eftir olíu hefur aukist í takt við kröfur um umhverfisvænni bíla. Með aukinni eftirspurn hækkar verðið.“

Árið 2002 var olúgjaldi komið á og síðan hefur dísilólía hækkað mjög í verði. Helgi Hjörvar, formaður umhverfisnefndar Alþingis, segir sjálfsagt að endurskoða skattaumhverfi.

## VERÐ Í DANMÖRKU

Dísilólía er ódýrari en bensín í Danmörku. Þar beita yfirvöld sköttum til að hvetja til aukinnar notkunar dísilolíu.

Verð hjá Shell í Danmörku:	
95 oktan blýlaust	8,72
98 oktan blýlaust	9,01
Dísilólía	8,69

„Það er eðlilegt að forsendur skattlagningar séu endurskoðaðar því það var yfirlýst markmið fjármálaráðherra og fyrri ríkisstjórnar að dísilólían ætti að vera eilítið ódýrari og þannig ætti að hvetja til notkunar hennar. Það er auðvitað fullt af fólki sem keypt hefur bifreiðar á þeim forsendum og þegar veruleikinn er orðinn svo langt frá því sem upp var lagt með hlýtur að



DÝRT DÍSIL Dísillítrinn er 30 krónum dýrari en bensillítrinn. Formaður umhverfisnefndar Alþingis vill endurskoða skattaumhverfið.

vera eðlilegt að taka það til athugunar.“

Samúel segir ekkert benda til að olían muni lækka í hlutfalli við bensínið, til þess þurfi að verða stórvægilegar breytingar á heimsmarkaðsverði.

- kóp

**Auglýsingasími**

# 512 50 50



- Mest lesið



# Byssur á betra verði

## Stoeger og Beretta ES haglabyssur á tilboðsverði



**Stoeger P350**  
Fullt verð 46.900. Nú á tilboði aðeins 32.830



**Stoeger P350**  
Fullt verð 49.900. Nú á tilboði aðeins 34.930



**Stoeger Model 2000**  
Fullt verð kr. 69.900. Nú á tilboði aðeins 48.930



**Stoeger Model 2000**  
Fullt verð kr. 75.900. Nú á tilboði aðeins 53.130



**Stoeger Model 2000**  
Fullt verð kr. 84.900. Nú á tilboði aðeins 59.430




**Beretta ES**  
Fullt verð 112.900. Nú á tilboði aðeins 79.030



**Beretta ES**  
Fullt verð 124.900. Nú á tilboði aðeins 87.430



**Beretta ES**  
Fullt verð 118.900. Nú á tilboði aðeins 83.230



**Beretta ES**  
Fullt verð 129.900. Nú á tilboði aðeins 90.930



**Beretta ES**  
Fullt verð 139.900. Nú á tilboði aðeins 97.930

**Stoeger P350.** Vinsæl pumpa með snúningsboltanum frá Benelli.  
Gerð fyrir 2 3/4", 3" og 3 1/2" skot  
26" hlaup, 3 þrengingar og ólarfestingar. Bestu kaupin í pumpum.

**Stoeger Model 2000.** Einhver vinsælasta haglabyssan hér á landi undanfarin ár. Tekur 2 3/4" og 3" skot.  
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift haglabyssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiftingu frá Franchi.  
26" hlaup. 5 þrengingar og ólarfestingar. Bestu kaupin í hálfsjálfvirkum.

**Beretta ES100.** Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með gamla Benelli boltanum.  
26" hlaup, 3 þrengingar og ólarfestingar. Auðvelt að hreinsa og smyrja þar sem efri hluti láshúss fylgir hlaupinu þegar það er tekið af. Glæsileg byssa á frábæru verði.



**SPORTÚÐIN**

**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**

  
**VEIÐIHORNIÐ**

Sportúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050 • Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410  
veidihornid.is - sportbudin.is



**LISTHLAUP Á SKAUTUM** Rússlands-mót í listhlaupi á skautum fór fram í Moskvu um helgina. Á meðal keppenda var þetta glæsilega par.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sóttvarnalæknir hvetur fólk til varúðar og notkunar smokka við skyndikynni:

## Átján greindust með lekanda

**HEILBRIGÐISMÁL** Alls hafa átján einstaklingar greinst með lekanda, samkvæmt tilkynningum til sóttvarnalæknis, þá tíu mánuði sem liðin eru af árinu. Hinir smituðu eru sex konur og tólf karlar.

Öll tilfelli eru staðfest með ræktunum. Einstaklingarnir eru á aldrinum 19 til 51 árs. Þrettán þeirra eru með skráða búsetu á höfuðborgarsvæðinu en fimm eru búsettir utan svæðisins.

Uppruni smitsins er bæði af innlendum og erlendum toga og bæði samkynhneigðir og gagnkynhneigðir hafa orðið fyrir smiti.

Þá kemur fram að nokkur fjölg-

un varð á smittifellum í októbermánuði miðað við fyrri mánuði ársins. Í þeim eina mánuði greindust sex einstaklingar með lekanda. Næmi bakteríanna sem greindust í október fyrir sýklalyfjum er mjög breytilegt, sem bendir til þess að mismunandi bakteríustofnar valdi sýkingunum.

Lekandi smitast við kynmök þegar slímhúð snertir slímhúð. Hægt er að bera bakteríuna án einkenna. Í stöku tilfellum getur sýkingin leitt til ófrjósemi og einnig dreift sér víðar í líkamanum. Sóttvarnalæknir hvetur fólk til varúðar og smokkanotkunar við skyndikynni.

-jss



**SMOKKAR** Sóttvarnalæknir hvetur til notkunar smokka við skyndikynni.

Átökin í Austur-Kongó:

## SP styrkir raðir friðargæsluliðs

**KONGÓ, AP** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt að 3.100 manna liðsauki verði sendur í nafni SP til að styrkja raðir fjölbjólegs friðargæsluliðs í Austur-Kongó, vegna borgarastriðs sem þar ríki.

Ekki liggur fyrir að svo stöddu hvaða lönd munu leggja friðargæsluliðinu til þennan liðsauka. En John Sawyer, sendiherra Breta hjá SP, sagði eftir fund öryggisráðsins í lok síðustu viku að þau lönd sem byðu fram hermenn í liðsaukann fengju allan þann stuðning sem ráðinu væri unnt að veita til að koma liðsaflanum hratt og örugglega á vettvang. - aa

Lífeyrisherfi Argentínu:

## Lífeyrissjóðir endurbjóðnýtir

**ARGENTÍNA, AP** Öldungadeild Argentínubings samþykkti á föstudag umdeild lög um þjóðnýtingu einkarekinna lífeyrissjóða landsins.

Í sjóðunum eru andvirði 23 milljarða Bandaríkjadala eða rúmlega 3.100 milljarðar króna samkvæmt gildandi gengi.

Fjármálasérfræðingar telja þessa ráðstöfun annars vegar geta verndað lífeyrisþega fyrir skammtímaáhrifum hruns á verðbréfamarkaði, en jafnframt takmarkað lífeyristekjur þeirra til lengri tíma lítið.

Með þjóðnýtingunni, sem neðri deild þingsins samþykkti fyrr í mánuðinum, er endi bundinn á fjórtán ára tilraun með einkavæðingu lífeyrisherfisins í landinu.

- aa

Eigandi starfsmannaleigu leitar atvinnutækifæra fyrir Íslendinga í Kanada:

## Færeyinga fremur en Íslendinga

**EFNAHAGSMÁL** „Flestir gera sér grein fyrir því að peningar koma og fara. Mér þykir annað og alvarlegra að orðspor okkar er í rúst,“ segir Óskar Þórðarson, framkvæmdastjóri starfsmannaleigunnar Voot.

Alger viðsnúningur varð í starfsemi fyrirtækis hans á þessu ári. Samdrátturinn varð til þess að ekki þurfti lengur að flytja inn vinnuafli til Íslands frá útlöndum. Óskar taldi sig fljótlegra sjá í hvað stefndi og byrjaði að kalla eftir leyfum erlendis frá til að mega flytja starfsmenn frá Íslandi til annarra landa. Hann segir íslenska iðnaðarmenn vel liðna á Norðurlöndum og fjölbætt þekking þeirra og menntun þykir eftirsóknarverð meðal frændþjóðanna sem telji sig þekkja Íslendinga af góðu. Hins vegar kvíði hann því að



**ÍSLENSKT NEI TAKK** Þórður Óskarrson, framkvæmdastjóri starfsmannaleigu, segir orðspor Íslands svo skaðað að hann vilji leita að atvinnutækifærum fyrir Íslendinga undir færeyskum formerkjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

markaðssetja fyrirtæki sitt í Kanada. Nú skapi það tortryggni og spurningar að vera frá Íslandi. Hann telur því mun vænlegra að koma starfsemi á fót undir

færeyskum merkjum en þar í landi hefur Voot einnig verið að störfum. Færeyskt fyrirtæki sé mun líklegra til að njóta trausts en íslenskt.

- kdk

Sænski fjármálaráðherrann:

## Atvinnuleysi eykst verulega

**SVIÞJÓÐ** Tæplega 500 á dag skrá sig atvinnulausa í Svíþjóð þessa dagana og hefur atvinnuleysi ekki verið svo mikið frá því í upphafi tíunda áratugarins. Sænska ríkisstjórnin óttast að atvinnuleysi aukist á næstunni og telur að það geti náð 9,2 prósentum árið 2010. Þetta kemur fram í Dagens Nyheter.

Anders Borg, fjármálaráðherra Svíþjóðar, býst við að atvinnuleysið mælist 7 til 7,8 prósent í ár og á næsta ári verði það 7,7 prósent og 9,2 prósent árið 2010.

Í Svíþjóð er gert ráð fyrir að stýrivextir lækki um 3,5 prósent síðar á þessu ári og verði 2,25 til 2,75 prósent á næsta ári. Árið 2010 verði stýrivextir 2,75 prósent. Allt eins er búist við að efnahagsvöxturinn verði neikvæður á næstu árum.

- ghs



## Veitingaþjónusta í Háskólanum í Reykjavík

**Háskólinn í Reykjavík auglýsir eftir áhugasömum aðilum sem vilja reka veitingastarfsemi skólans**

**Í ágúst 2009 flytur Háskólinn í Reykjavík hluta starfsemi sinnar í nýtt húsnæði við rætur Öskjuhlíðar upp af Nauthólsvík. Fram til haustsins 2010 verður skólinn einnig með starfsemi í Ofanleiti 2, en flytur þá alla starfsemi á einn stað.**

Auk mötuneytis og kaffihúss í háskólabýggingunni mun Háskólinn í Reykjavík vera með rekstur nýrrar veitingaaðstöðu fyrir nemendur og almenning í nýbyggingu, þar sem áður var veitingahúsið Nauthóll. Þar verður kaffihús og ísbar fyrir um 50 manns og veitinga- og ráðstefnusalur fyrir allt að 100 manns. Nauthóll verður opin allri árið fyrir stúdenta og starfsmenn HR, en ekki síður almenning. Sá staður verður opnaður vorið 2009.

Nemendur HR eru nú um 3.000 og mun þeim fjölga nokkuð á næstu árum. Starfsmenn eru um 250 auk 250 stundakennara. Nýbygging HR verður í heild um 35.000 fermetrar, þar af verða teknir í notkun um 22.000 fermetrar haustið 2009 og verður þá meira en 2/3 af starfsemi skólans komin í nýbygginguna. Á næstu árum mun verða frekari uppbygging á þessu 20 hektara svæði sem HR hefur verið úthlutað.

HR mun annast tækjakaup og innréttingar og endurleigja fullbúna aðstöðu bæði í háskólabýggingunni og í Nauthóli til veitingaáðila. Gert er ráð fyrir að einn aðili hafi yfirumsjón með veitingastarfsemi, en hann yrði með samstarfsaðila í ákveðnum þáttum og gæti einnig nýtt aðstöðuna fyrir veisluþjónustu utan HR.

Fyrirhugað er að velja einn eða fleiri aðila til samstarfs á grundvelli upplýsinga og hugmynda viðkomandi aðila um reksturinn. Þá mun skipta máli reynsla, orðspor, fjárhagsleg staða og trúverðuleiki þeirra hugmynda um rekstur sem lagðar eru fram.



Hugmyndum um rekstur og nánari upplýsingum um viðkomandi rekstraraðila skal skila til Eflu verkfræðistofu, eigi síðar en 10. desember 2008, kl.15:00. Stefnt er að því að samningum við rekstraraðila verði lokið um áramót.

Frekari gögn verða til sýnis og sölu á 10.000,- kr. hjá Eflu verkfræðistofu, Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík, frá og með 25. nóvember.

Neðri deild Rússlandsþings:

## Lenging kjörtímabils í höfn

**RÚSSLAND, AP** Neðri deild rússneska þingsins samþykkti fyrir helgi, að lokinni þriðju og síðustu umferð, frumvarp um að lengja kjörtímabil forseta úr fjórum árum í sex.

Áttunda umferð Iceland Express-deildar kvenna í körfubolta hefst í kvöld þegar KR og Grindavík mætast í DHL-höllinni kl. 19.15. Grindavíkurstúlkur eiga harma að hefna þar sem KR-stúlkur unnu í Grindavík í fyrsta leik tímabilsins. Þá var Grindavík slegið út af KR í undanúrslitum úrslitakeppninnar í fyrra. Liðin eru svipuð að styrkleika og berjast nú sem stendur um fjórða sæti deildarinnar. Vert er að geta þess að hamburgarar verða grillaðir í KR-heimilinu á undan leiknum og fá þeir frítt á leikinn sem kaupa hamburgara. Allir körfuboltaáhugamenn eru hvattir til þess að mæta.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## GUÐNÝ BJÖRK ÓÐINSDÓTTIR: ÁKVEÐIN AÐ KOMAST Í SITT BESTA FORM EFTIR AÐ HAFJA JAFNAÐ SIG Á MEIÐSLUM

# Ætla að komast með landsliðinu til Finnlands

Landsliðskonan Guðný Björk Óðinsdóttir ákvað fyrir helgi að ganga í raðir sænska úrvalsdeildarfélagins Kristianstad þar sem Elísabet Gunnarsdóttir, fyrrverandi þjálfari hennar hjá Val, heldur nú um stjórnartaumana. Guðný Björk lék hins vegar ekkert með Val síðasta sumar vegna meiðsla, þar sem hún sleit krossbönd í hné á undirbúningstímabilinu, en er nú óðum að ná sér og stefnir á að vera komin á fullt skrið snemma á nýju ári.

„Ég er byrjuð að æfa á fullu en má ekki spila fótbolta aftur fyrr en í janúar. Ég þekki Betu hins vegar vel og hún þekkir mig þannig að ég er ekkert að fara út í neina óvissu þannig séð.“ segir Guðný Björk.

Hin tvítuga Guðný Björk hefur reyndar lent áður í því að slíta krossbönd á hné. Það var þegar hún lék með Aftureldingu en hún gekk í raðir Vals fyrir sumarið 2005.

„Ég hef náttúrulega lent í þessum meiðslum áður og veit alveg út á hvað þetta gengur allt saman og það hefur pottþétt orðið til þess að hjálpa mér í endurhæfingunni núna.“ segir Guðný Björk.

Guðný Björk hefur jafnan leikið sem bakvörður með Val og íslenska landsliðinu en er þekkt fyrir að vera mjög

fjölhæf og hún var til að mynda að spila sem framliggjandi miðjumaður á undirbúningstímabilinu með Val þegar hún meiddist.

„Ég held að Beta sjálf hafi ekki hugmynd um hvar hún ætlar að nota mig á vellinum með Kristianstad. Það er mjög skemmtilegt að spila á miðjunni en ég byrjaði í bakverðinum og líkar það líka mjög vel. Hún mætti setja mig í markíð mín vegna.“ segir Guðný Björk á léttnum nótnum.

Guðný Björk á 13 A-landsleiki að baki fyrir Íslands hönd og hafði þrátt fyrir ungan aldur fest sig rækilega í sessi í landsliðshópi Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar í undankeppni EM 2009 áður en hún meiddist. Guðný Björk er líka harðákveðin í því að komast aftur í landsliðshópinn, nú þegar liðið er komið í lokakeppni EM sem fram fer í Finnlandi á næsta ári.

„Ég ætla pottþétt að komast með landsliðinu til Finnlands. Það er engin spurning.“ segir Guðný Björk.



SÁTTUR Landsliðsþjálfarinn er ánægður með undirbúning íslenska liðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Júlíus Jónasson:

## Markmiðið að vinna riðilinn

**HANDBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Júlíus Jónasson er ánægður með framgöngu kvennalandsliðs Íslands á Möbelringen Cup þrátt fyrir að liðið hafi tapað öllum þremur leikjum sínum.

„Við vissum að við værum að fara að mæta þremur af sterkustu handboltalandsliðum í heimi og ég held að stelpurnar hafi haft gott af því að sjá og spila gegn þeim bestu.“ segir Júlíus.

Þátttaka Íslands í mótnu var liður í undirbúningi fyrir undankeppni HM sem fram fer í Póllandi dagana 25.-30. nóvember.

„Það verður erfitt verkefni þar sem við mætum sterkum þjóðum en við setjum stefnuna á fyrsta sætið í riðlinum.“ segir Júlíus. - öþ



### Til leigu iðnaðarhúsnæði

Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

Upplýsingar í síma 480-0000

# Besta landsliðsárið síðan 2000

Íslenska karlalandsliðið hefur ekki átt betra ár í átta ár þegar litíð er á fjölda sigra, markatölu liðsins eða leiki þar sem markinu er haldið hreinu. Sigurinn gegn Möltu var fimmti sigur íslenska liðsins á árinu.

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari er greinilega á réttri leið með íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu. Á sínu fyrsta heila ári með Ólaf í brúnni náði liðið sínu besta landsliðsári í átta ár með því að vinna fimm leiki, vera með jákvæða markatölu og halda marki sínu hreinu í fjórum leikjum á þessu ári. Íslenska liðið lék alls tólf leiki á þessu ári og náði fimmtíu prósentu sigurhlutfalli í þeim sem er besti hlutfallsárangur liðsins síðan 2003 eða í fimm ár.

Íslenska karlalandsliðið vann eins og áður sagði fimm leiki á árinu, vináttulandsleiki gegn Armeníu, Færeyjum, Slóvakíu og Möltu og svo leikinn á móti Make-dóníu í undankeppninni. Liðið tapaði tveimur fyrstu leikjunum á móti Hvíta-Rússlandi og Möltu, tapaði síðan vináttuleik gegn Wales í maí og loks tveimur leikjum í röð á móti Skotlandi og Hollandi í undankeppninni.

Leikirnir gegn bresku liðunum tveimur, Wales og Skotlandi, voru örugglega mest svekkjandi úrslit ársins enda átti íslenska liðið að fá meira út úr báðum þeim leikjum, sérstaklega út úr leiknum á móti

Skotum þar sem íslenska liðið fékk miklu fleiri færi.

Ólafur hefur unnið með varnarleikinn sem þurfti að taka í gegn eftir útreið í síðustu undankeppnum og það hefur borgað sig. Íslenska liðið vann þannig alla mötherja ársins nema einn (Aserbaídsjan, heima) þar sem liðið hélt hreinu í fyrri hálfleik. Íslenska liðið hélt alls fjórum sinnum hreinu á árinu sem er besti árangurinn síðan liðið hélt einnig fjórum sinnum hreinu árið 2000.

Íslenska liðið náði að halda hreinu í 339 mínútur í ársbyrjun sem er besti árangur liðsins í tuttugu ár og bætti þar árangur liðsins frá árinu 1994 þegar það var undir stjórn Ásgeirs Elías-

sonar. Íslenska liðið hefur nú haldið marki sínu hreinu í síðustu tveimur leikjum og alls í 206 mínútur. Það verður athyglisvert að sjá hvort liðinu takist að halda út lengur en það gerði í vináttuleikjunum í febrúar og mars.

Markatala íslenska liðsins var í plús í fyrsta sinn í átta ár en íslenska liðið skoraði 13 mörk í 12 landsleikjum ársins. Markatala íslenska liðsins var búin að vera samanlagt 35 mörk í mínus undanfarin fjögur ár og þar kemur aftur að slökum varnarleik enda fékk íslenska landsliðið á sig 72 mörk í 33 landsleikjum frá 2004 til 2007 eða 3,3 mörk að meðaltali í leik.

Íslenska liðið er með fjögur stig úr fyrstu fjórum leikjum sínum í undankeppni HM 2010 og hefur ekki verið með fleiri stig eftir fyrri hluta undankeppni síðan í undankeppni Evrópumótisins 2000. Ísland náði þá í fimm stig út úr þremur leikjum liðsins sem voru spilaðir árið 1998. Þegar saga íslenska liðs-

Á RÉTTRI LEIÐ Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson stendur vel að vígi í samunburði við fyrirrennara sína í starfi. SCANPIX



ÖRYGGIÐ UPPMÁLAD Gunnleifur Gunnleifsson hefur staðið vel fyrir sínu síðan landsliðsþjálfarinn kallaði hann aftur inn í hópinn eftir nokkurra ára hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### LANDSLIÐIÐ Í FRAMFÖR

Markatala landsliðsins síðustu ár:

2008	+1 (13-12 í 12 leikjum)
2007	-13 (7-20 í 9 leikjum)
2006	-6 (4-10 í 6 leikjum)
2005	-5 (16-21 í 9 leikjum)
2004	-11 (10-21 í 9 leikjum)
2003	-2 (8-10 í 8 leikjum)
2002	-6 (8-14 í 9 leikjum)
2001	-2 (17-19 í 11 leikjum)
2000	+3 (13-10 í 9 leikjum)

Flestir sigrar A-liðs karla á einu ári:

Sex	1999 (10 leikir)
Fimm	1994 (10 leikir)
Fimm	2000 (9 leikir)
Fimm	2008 (12 leikir)
Fjórir	1987 (11 leikir)
Fjórir	1990 (8 leikir)
Fjórir	1996 (11 leikir)
Fjórir	2001 (11 leikir)

Kvennalandslið Íslands í handbolta lauk keppni á Möbelringen Cup í gær:

## Stígandi í leik íslenska liðsins

**HANDBOLTI** Kvennalandslið Íslands tapaði naumlega gegn Danmörku, 22-23, í lokaleik sínum á hinu geysisterka Möbelringen Cup-æfingamóti sem fram fór í Noregi um helgina. Ísland tapaði öllum þremur leikjum sínum í mótnu en greinilegur stígandi var í leik liðsins.

Ísland tapaði stórt gegn Evrópu- og Ólympíumeisturum Noregs í fyrsta leik sínum í mótnu og liðið mátti einnig þola fremur stórt tap gegn heimsmeisturum Rússlands í öðrum leiknum. En íslensku stelpurnar létu töpin ekki slá sig út af



laginu og voru nálægt því að krækja í jafntefli gegn sterku liði Danmerkur.

Dönsku stúlkurnar voru alltaf skrefi á undan þeim íslensku í gær en staðan í hálfleik var 7-10 Danmörku í vil. Danir náðu mest fimm marka mun í seinni hálfleik, í stöðunni 15-20 um miðbik hálfleiksins, en þá kom íslenska liðið aftur inn í leikinn og náði að saxa á forskotið jafnt og þétt.

Þær dönsku leiddu leikinn 20-23 þegar rúmar tvær mínútur voru eftir af leiknum en Ágústa Edda Björnsdóttir og Íris Ásta Pétursdóttir skoruðu þá fyrir Ísland og minnkuðu mun-

inn niður í eitt mark á lokamínútnu. Íslensku stúlkurnar fengu svo boltann og áttu möguleika á að jafna leikinn en allt kom fyrir ekki og lokatölur urðu sem fyrr segir 22-23. - öþ

### ÚRSLIT

#### Möbelringen Cup

Ísland-Danmörk	22-23 (7-10)
<b>Mörk Íslands:</b> Hanna G. Stefánsdóttir 5, Ágústa Edda Björnsdóttir 4, Íris Ásta Pétursdóttir 3, Rakel Dögg Bragadóttir 3, Dagný Skúladóttir 3, Arna Sif Pálsdóttir 1, Hrafnhildur Skúladóttir 1, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 1, Elísabet Gunnarsdóttir 1.	
<b>Markahæstar á mótnu:</b>	
Hanna G. Stefánsdóttir	12 mörk
Ágústa Edda Björnsdóttir	10
Ásta Íris Pétursdóttir	7
Hrafnhildur Skúladóttir	6
Rakel Dögg Bragadóttir	6
Dagný Skúladóttir	4

## Boltinn er hjá okkur!

Chelsea  
Arsenal

TILBOÐ

Verð á mann í tvíbýli:  
**49.900 kr.**

29. nóv. - 1. desember

Innifalið: Flug m/sköttum og miði á leikinn.

Arsenal  
Wigan

TILBOÐ

Verð á mann í tvíbýli:  
**48.900 kr.**

5.-7. desember

Innifalið: Flug m/sköttum og Club lever miði á leikinn.

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is)



Nánar á [expressferdir.is](http://expressferdir.is) eða í síma 5 900 100

**Express ferðir**

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express





MERYL STREEP PIERCE BROSNAN  
COLIN FIRTH STELLAN SKARSGÄRD JULIE WALTERS DOMINIC COOPER AMANDA SEYFRIED CHRISTINE BARANSKI

# MAMMA MIA!

LENDIR Í ELKO 27. NÓVEMBER

Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum - Skógarind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klíbb. 1.49 kr/skeytið.



**SENDU SMS EST MAM Á NÚMERIÐ 1900**

**- ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MAMMA MIA Á DVD!**

**9. HVER  
VINNUR!**

VINNINGAR: MAMMA MIA! Á DVD · ABBA SINGSTAR · TÓNLISTIN ÚR MYNDINNI MAMMA MIA!  
PEPSI MAX · FULLT AF ÖÐRUM DVD MYNDUM OG TÖLVULEIKJUM.

**ELKO**

## ÚRSLIT

## Enska úrvalsdeildin

Tottenham-Blackburn	1-0
1-0 Roman Pavlyuchenko (8).	
Sunderland-West Ham	0-1
0-1 Valon Behrami (20).	

## Spænska úrvalsdeildin

Barcelona-Getafe	1-1
0-1 Del Moral Manu (19.), 1-1 Seydou Keita (72).	
Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varmaður á 73. mínútu.	
Numancia-Atletico Madrid	1-1
0-1 Diego Forlan (34.), 1-1 Jose Barkero (90.).	

## Ítalska úrvalsdeildin

Reggina-Atalanta	3-1
1-0 Francesco Cozza (9.), 2-0 Bernardo Corradi (21.), 3-0 Bernardo Corradi (79.), 3-1 Cristiano Doni (90.).	
Lecce-Roma	0-3
0-1 Mirko Vucinic (10.), 0-2 Juan (38.), 0-3 Francesco Totti (46.).	
Torino-AC Milan	2-2
1-0 Roberto Stellone (25.), 1-1 Alexandre Pato (26.), 1-2 Ronaldinho (35.), 2-2 Alessandro Rossina (77.).	
Lazio-Genoa	1-1
0-1 Diego Milito (69.), 1-1 Ousmane Davo (80.).	
Napoli-Cagliari	2-2
1-0 Marek Hamsik (9.), 1-1 Diego Lopez Rodriguez (55.), 2-1 Ezequiel Lavezzi (84.), 2-2 Daniele Conti (90.).	

## EHF-bikarinn í handbolta

Fram-Gummersbach	42-29 (21-15)
------------------	---------------

**Mörk Fram:** Andri Berg Haraldsson 8, Rúnar Kárason 7, Magnús Einarsson 4, Halldór Jóhann Sigfússon 3, Haraldur Þorvarðarson 2, Guðjón Finnur Drengsson 2, Björn Guðmundsson 1, Brjánn Guðni Bjarnason 1, Einar Rafn Eiddsson 1. **Varin skot:** Magnús Gunnar Erlendsson 9/2, Davíð Hliðdal Svansson 9/1

\*Róbert Gunnarsson skoraði 1 mark fyrir Gummersbach sem komst áfram í fjórðu umferð.



ZOLA Ítrekaði í gær að bestu leikmenn West Ham yrðu ekki seldir.

NORDIC PHOTOS/GETTY

## Gianfranco Zola, West Ham: Engin brunaútsala í janúar

**FÓTBOLTI** Gianfranco Zola, knattspyrnustjóri West Ham, ítrekaði í viðtali við Sunday Express í gær að honum hafi verið lofað að hann þyrfti ekki að sjá á eftir bestu leikmönnum félagsins þegar félagsskiptagluggin opnar í janúar.

Breskir fjölmiðlar hafa verið ötulir undanfarið við að orða bestu leikmenn West Ham við önnur félög vegna meintrar slæmrar fjárhagsstöðu eigandans Björgólfs Guðmundssonar og varnarmaðurinn Matthew Upson var nú síðast í gær orðaður við endurkomu til Arsenal. Zola þvertur fyrir það.

„Matty er ekki til sölu. Það er ósköp einfalt, hvorki núna né í janúar. Það er búið að lofa mér því að bestu leikmenn félagsins verði ekki seldir,“ segir Zola. - óþ

Tveir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær þar sem Tottenham og West Ham unnu góða sigra:

## Lundúnafélögin hirtu stigin þrjú

**FÓTBOLTI** Lundúnafélögin Tottenham og West Ham fóru með sigur af hólmi í leikjum sínum í ensku úrvalsdeildinni í gær. Tottenham vann 1-0 heimasigur gegn Blackburn og West Ham vann 0-1 útisigur gegn Sunderland.

Það var Roman Pavlyuchenko sem skoraði eina mark leiksins á White Hart Lane í gær eftir góðan undirbúning Aaron Lennon sem stal boltanum af varnarmanninum Martin Olsson og fann Rússann hávaxna í teignum. Olsson fékk svo að líta rauða spjaldidið á 39. mínútu eftir brot á Lennon sem hafði farið illa með Sviann unga í leiknum fram að því.

Hvorugt liðið náði að skora það sem eftir lifði leiks og Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Tottenham, var himinlifandi með stigin þrjú.

„Þetta var frábær sigur. Lennon var í finu formi í leiknum og var að skapa mikið fyrir okkur og við hefðum átt að gera út um leikinn með öðru marki. En við tókum sem betur fer stigin þrjú og þau skipta öllu máli,“ segir Redknapp.

Svisslendurinn Valon Behrami var hetja West Ham þegar hann skoraði eina mark leiksins á leikvangi Ljósanna í gær en markið var hans fyrsta í búningi West Ham síðan hann

gekk í raðir félagsins frá Lazio síðasta sumar. Knattspyrnustjóranum Gianfranco Zola hjá West Ham var létt í leiklok enda hamarnir ekki unnið leik síðan í lok september.

„Þetta er búinn að vera erfiður tími en við sýndum frábæran karakter í þessum leik. Sérstaklega voru varnarmennirnir Matthew Upson og James Collins frábærir og þeir eiga sérstakt hrós skilið,“ segir Zola glaður. - óþ

**MARKASKORARINN** Roman Pavlyuchenko hefur verið drjúgur að skora fyrir Tottenham upp á síðkastið. NORDIC PHOTOS/APP



## Jakob og Hrafnhildur með met

Glæsilegri sundhelgi á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug lauk í gær og féllu fjögur Íslandsmet. Jakob Jóhann Sveinsson tvíbætti Íslandsmetið í 50 metra bringusundi frá deginum áður, Hrafnhildur Lúthersdóttir bætti Íslandsmetið í 50 metra bringusundi og Sundsveit Ægis metið í 4x400 metra skriðsundi.

**SUND** Það vantaði ekki tilþrífing á lokadegi Íslandsmeistaramótsins í sundi í 25 metra laug í Laugarðalslaug í gær. Jakob Jóhann Sveinsson og Hrafnhildur Lúthersdóttir settu bæði Íslandsmet.

Jakob Jóhann Sveinsson úr Sundfélaginu Ægi toppaði frábæra sundhelgi hjá sér með því að halda áfram þar sem frá var horfið í 50 metra bringusundinu. Jakob Jóhann gerði sér lítið fyrir og tvíbætti Íslandsmetið í 50 metra bringusundi, sem hann hafði sett deginum áður í undanrásu í 100 metra bringusundinu, í gær.

Jakob Jóhann synti á tímanum 28 sekúndum sléttum í undanrásu í 50 metra bringusundsins í gærmorgun og bætti þá fyrra metið um níu hundraðshluta úr sekúndu.

Í úrslitasundinu synti Jakob Jóhann svo á tímanum 27,86 og bætti metið en Mladen Tepavecic úr Sundfélagi Hafnarfjarðar varð annar og var einnig undir fyrra meti Jakobs Jóhanns á tímanum 27,98.

„Ég var gríðarlega ánægður með að fara undir 28 sekúndurnar þar sem það var markmiðið hjá mér. Þetta er bara flottur endir á góðri helgi hjá mér,“ sagði Jakob Jóhann sigurrefur í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hin sautján ára gamla Hrafnhildur Lúthersdóttir úr Sundfélagi Hafnarfjarðar fór einnig á kostum í gær þegar hún bætti Íslandsmetið í 50 metra bringusundi. Hrafnhildur synti úrslitasundið á tímanum 32,24 sekúndur en gamla Íslandsmetið átti Ólympíufarinn Erla Dögg Haraldsdóttir úr ÍRB á tímanum 32,27 sem sett var í nóvember í fyrra.


Þá bætti kvennasveit Sundfélagsins Ægis Íslandsmetið í 4x400 metra skriðsundi þegar hún synti á tímanum 3:53,41 en gamla Íslandsmetið átti sundsveit KR á tímanum 3:55,48 sem sett var í nóvember í fyrra. omar@frettabladid.is



**PRÍBÆTING** Jakob Jóhann Sveinsson úr Sundfélaginu Ægi þrúbætti Íslandsmetið í 50 metra bringusundi um helgina. FRETTABLAÐIÐ/DANIEL



**SIGRI HRÓSANDI** Hrafnhildur Lúthersdóttir úr Sundfélagi Hafnarfjarðar hafði ærna ástæðu til þess að fagna þegar hún bætti Íslandsmetið í 50 metra bringusundi í gær. FRETTABLAÐIÐ/DANIEL



**EFNILEGUR** Hinn ungi og efnilegi Davíð Hildiberg Aðalsteinsson úr ÍRB vann 200 metra baksundið með miklum yfirburðum. FRETTABLAÐIÐ/DANIEL

Framarar urðu að sætta sig við stórt tap gegn Gummersbach í gær:

## Gerðum heiðarlega tilraun

**HANDBOLTI** Þýska stórliðið Gummersbach átti ekki í vandræðum með Framara í seinni leik liðanna í þriðju umferð EHF-bikarsins í gær og vann að lokum með þrettán marka mun, 42-29.

„Við náðum ekki að sýna okkar rétta andlit í seinni leiknum, því miður en við gerðum heiðarlega tilraun í leikjunum tveimur,“ segir Rúnar Kárason.

„Kannski var þreytan eitthvað farin að segja til sín en við vorum náttúrulega að spila á mun færri mönnum en þeir og það fór að segja til sín þegar liða tók á leikina,“ segir Rúnar.

Rúnar er að skoða möguleikann á að fara á atvinnumennsku en hann flýgur til Berlínar þar sem hann mun skoða aðstæður hjá Fuchse Berlin næstu daga. Hann kvaðst þó ekki vera búinn að ákveða neitt og hugsanlega væru einnig fleiri möguleikar í stöðunni.

„Mér list bara mjög vel á að fara að skoða málin í Berlín en það er ekkert komið á hreint enn þá. Forráðamenn félagsins

hafa hins vegar sýnt mér mikinn áhuga og það er bara jákvætt. Það eru líka eitt til tvö önnur mál sem ég er að skoða en það er ekkert sem hægt er að ræða á þessum tímupunkti. Ég vonast samt til þess að verða búinn að fá mín mál á hreint fyrir áramót,“ segir Rúnar vongóður. - óþ



**ATVINNUMENNSKAN KALL-AR** Rúnar Kárason gæti verið á leiðinni í atvinnumennsku von bráðar. FRETTABLAÐIÐ/STEFAN



## Aðalfundur GO og GOF 2008

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds og Golfklúbbs Oddfellowa verður haldinn í golfskála Urriðavallar fimmtudaginn 27. nóvember 2008 kl. 20.00

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin



ENN Á TOPPNUM Barcelona er enn á toppi spænsku úrvalsdeildarinnar þrátt fyrir að hafa aðeins náð í jafntefli gegn Getafe á heimavelli sínum í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Eiður Smári kom inn á sem varamaður í jafntefli Barcelona á heimavelli í gær:

## Getafe hélt aftur af Barcelona

**FÓTBOLTI** Barcelona mistókst að vinna sinn tíunda deildarleik í röð þegar Getafe kom í heimsókn á Nývang en niðurstaðan varð 1-1 jafntefli. Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður fyrir Barcelona í leiknum.

Gestirnir í Getafe náðu óvænt yfirhöndinni í leiknum með marki Dels Moral Manu strax á 19. mínútu.

Börsungar reyndu hvað þeir gátu til þess að jafna metin en lítið gekk hjá þeim framan af leiknum. Framherjinn snjalli Samuel Eto'o komst næst því að skora fyrir heimamenn í lok fyrri hálfleiks þegar skot hans hafnaði í stöng.

Það var ekki fyrr en á 72. mínútu að Seydou Keita náði að jafna metin með góðu skallamarki eftir góða sendingu frá Daniel Alves en stuttu áður var Victor Valdes vel á verði í marki Barcelona og varði skot Juans Albin í stöng.

Pep Guardiola, knattspyrnustjóri Barcelona, skipti svo Eið Smára inn á mínútu síðar fyrir varnarmanninn Silvinho í von um að glæða frekar upp á sóknarleik heimamanna.

Hvorugu liðinu tókst hins vegar að finna leiðina að markinu í lokakafli leiksins og Getafe náði því að stöðva sigurgöngu Barcelona í spænsku úrvalsdeildinni.

Barcelona voru talsvert langt frá sínu bestu gegn Getafe og liðið saknaði greinilega argentínska snillingsins Lionels Messi sem var hvíldur.

Barcelona er þó sem fyrr á toppi spænsku deildarinnar en jafnteflið þýðir að Börsungum mistókst að endurheimta fimm stiga forskot sitt á erkifjendurnar í Real Madrid sem eru í öðru sætinu, nú þremur stigum á eftir þeim. Getafe er hins vegar í fjórtaða sæti.

Atletico Madrid er í sjötta sæti og mistókst að minnka muninn yfir í toppliðin þegar liðið missti unninn leik niður í jafntefli á lokamínúttunni gegn Numancia. - óþ



ROSSI í leik með Manchester United árið 2006. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson, Man. Utd:

## Gæti reynt að fá Rossi aftur

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, hefur undanfarið látið í ljós að hann hafi hug á að styrkja framherjasveit sína þegar félagsskiptagugginn opnar í janúar.

Hann talaði um möguleikann á að endurkalla Frazier Campbell úr láni hjá Tottenham og í gær í viðtali við breska götublaðið News of the World virtist skoski knattspyrnustjórinn gefa í skyn að hann hafi ekki sleppt tókunum á framherjanum Giuseppe Rossi sem United seldi til Villarreal á 6,6 milljónir punda í fyrra.

„Hann er frábær leikmaður og það var erfitt að láta hann fara á sínum tíma. En þegar Villarreal bauð þennan pening og, það sem meira máli skiptir, með klásúlni í samningnum um við gætum keypt hann til baka, þá var þetta of gott boð til þess að hafna því. Við munum nú klárlega skoða möguleikann á að fá hann aftur til Old Trafford og það er enn allt opið hvað það varðar,“ segir Ferguson. - óþ



RONALDO Er enn eftirsóttur ef marka má viðtal við umboðsmann hans í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Umboðsmaður Ronaldos:

## Fjögur ensk lið á eftir Ronaldo

**FÓTBOLTI** Fabiano Farah, umboðsmaður hins brasilíska Ronaldos, greindi frá því í gær að þrjú ónefnd félög í ensku úrvalsdeildinni væru búin að ræða við sig um möguleikann á að fá framherjann snjalla í sínar raðir í janúar en Man. City hefur þar fyrir utan opinberað áhuga sinn. „Núna eru fjögur ensk úrvalsdeildarfélög að keppast um Ronaldo og ég get staðfest það að hann hefur hug á að bæta ensku úrvalsdeildinni á farsæla ferilskrá sína,“ segir Farah í viðtali við Sunday Mirror.

Hinn 32 ára gamli Ronaldo vinnur að endurhæfingu sinni hjá Flamengo í Brasilíu. - óþ

ELDVARNAÁTAKIÐ 2008

ALLTAF  
Á VAKTINNI

Rannsóknir sýna að á fjölda heimila eru alltof fáir reykskynjarar – jafnvel enginn. Þó vitum við að reykskynjarar hafa bjargað fjölda mannlífa.

**Hlutverk slökkviliðsmanna er að bjarga fólki og verðmætum.**

**Þitt hlutverk er að gæta eigin öryggis og fjölskyldunnar.**

**Hættu að leika þér að eldinum.** Leitaðu upplýsinga um eldvarnar hjá slökkviliðinu þínu eða á [Isos.is](http://Isos.is)



[www.isos.is](http://www.isos.is)



[www.tm.is](http://www.tm.is)

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna stendur að Eldvarnaátakinu í samvinnu við TM og slökkviliðin í landinu. Aðrir helstu stuðningsaðilar átaksins eru Brunamálastofnun, 112 og Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

## > David Schwimmer

„Mér líkar vel við Ross en ég vil ekki vera hann. Ef ég á að geta notið mín sem leikari verð ég að reyna að fá tækifæri til að leika sem ólíkastar persónur.“ Schwimmer leikur í myndinni *The Big Nothing* sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld en einnig er hægt að sjá hann sem Ross Geller í hinum sívinsælu þáttum *Friends* sem sýndir eru á Stöð 2 þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG HÁKON SVAVARSSON RÆDDU KREPPUÁSTANDIÐ

# Mamma veikist ef hún missir af Læknalífi

Ég og strákurinn minn, hann Hákon, vorum að ræða saman á laugardagskvöldið um hvort það væri hugsanlegt að Skjár 1 myndi leggja upp laupana á næstu vikum og mánuðum. Honum var töluvert mikið niðri fyrir. Hann hefur áhyggjur af öllu fólkinu sem gæti misst vinnuna og ekki síður þeim möguleika að nokkrir af uppáhaldsþáttunum hans verði ekki á dagskrá í framtíðinni. Ég útskýrði fyrir honum að ekki væri útséð með að Skjárinn héldi áfram og hitt að líklega myndu hinar sjónvarpsstöðvarnar sýna þætti eins og CSI og House, vegna þess hvað þeir væru vinsælir.

„Það er eins gott“, sagði Hákon. „Ég veit að þetta skiptir sumt fólki miklu máli og það væri ekki gott í kreppunni ef fólk fengi ekki að sjá uppáhaldsþættina sína.“

Hann sagði mér sögu þessu til árettingar. „Ef mamma myndi ekki sjá Grey's Anatomy í hverri viku þá myndi hún sennilega veikjast alvarlega“, sagði snáðinn. Til að færa sönnur á mál sitt sagði hann



fjölskyldunnar eða náttúruhamfarir.

Fyrir þá sem ekki vita er Grey's Anatomy vinsælasti sjónvarpsþátturinn vestan hafis. Er talið að um 50 milljónir Bandaríkjamanna horfi á þáttinn að staðaldri. Það er ekki furða. Dregin er upp raunsonn mynd af lífsbaráttu ungra lækna og hjúkrunarfólks. Þar er líka sannleika að finna sem allir skilja: Það eru graftarkýli alls staðar og það þarf að tæma þau.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.50 Wigan - Everton, STÖÐ 2 SPORT 2**



▶ **20.20 Extreme Makeover, STÖÐ 2**



▶ **21.00 Heroes, SKJÁREINN**



▶ **21.35 American Dad, STÖÐ 2 EXTRA**



▶ **22.45 Herstöðvarlíf (Army Wives), SJÓNVARPIÐ**

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu (e)**

**16.35 Leiðarljós (Guiding Light)**

**17.20 Táknálsfréttir**

**17.30 Hanna Montana (11:26) (e)**

**17.53 Sammi (4:52)**

**18.00 Kóalabræðurnir (67:78)**

**18.12 Herramenn (29:52)**

**18.25 Út og suður (e)**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**19.35 Kastljós**

**20.00 Borgarafundur í Háskólabíói** Bein útsending frá opnum borgarafundi um ástand efnahagsmála þjóðarinnar sem fram fer í Háskólabíói.

**22.00 Tiúfréttir**

**22.20 Sportið** | Þættinum verður fjallað um flest allt sem viðkemur íþróttum, sýnt frá helstu íþróttaviðburðum, farið yfir mál sem eru efst á baugi og rætt við íþróttafólk og íþróttáhugamenn.

▶ **22.45 Herstöðvarlíf (Army Wives)** (20:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra. Meðal leikenda eru Kim Delaney, Catherine Bell, Sally Pressman, Brigid Brannagh, Sterling K. Brown og Brian McNamara.

**23.30 Spaugstofan (e)**

**23.55 Kastljós (e)**

**00.15 Dagskrárlök**

## BÍÓ

**08.00 Lake House**

**10.00 Pokémon 5**

**12.00 Fantastic Four**

**14.00 Lake House**

**16.00 Pokémon 5**

**18.00 Fantastic Four**

**20.00 The Big Nothing** Kolsvört og hörkuspennandi grínmynd með David Schwimmer og Simon Pegg í aðalhlutverkum.

**22.00 Carlito's Way. Rise to Power**

**00.00 11.14**

**02.00 Saw II**

**04.00 Carlito's Way. Rise to Power**

**06.00 The Object of Beauty**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Louie, Ruff's Patch, Fíff og Stóra teiknimyndastundin.

**08.20 Oprah**

**09.00 Í fínu formi**

**09.15 Bold and the Beautiful**

**09.35 La Fea Más Bella (198:300)**

**10.35 America's Got Talent (8:15)**

**12.00 Grey's Anatomy (16:25)**

**12.45 Neighbours**

**13.10 The Madness Of King George**

**15.10 The New Adventures of Old Christine (17:22)**

**15.35 Derren Brown. Hugarbrellur - Nýtt (5:6)**

**16.00 Galdrastelpurnar**

**16.23 Leðurblökumaðurinn**

**16.48 Justice League Unlimited**

**17.13 Tracey McBean**

**17.23 Louie**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.05 Veður**

**19.20 Kompás**

**19.55 The Simpsons (4:25)**

▶ **20.20 Extreme Makeover. Home Edition (9:25)** Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.

**21.05 Men in Trees (8:19)** Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandslið. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna í Jack sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur.

**21.50 Journeyman (7:13)** Dan Vassar er hamingjusamur fjölskyldufaðir en líf hans tekur skyndilega stakkaskiptum þegar hann öðlast hæfileika til þess að ferðast aftur í tímann og til baka.

**22.35 The Unit (18:23)**

**23.20 Dawn Anna**

**00.50 No Good Deed (House on Turk Street)**

**02.35 The Madness Of King George**

**04.25 Men in Trees (8:19)**

**05.10 The Simpsons (4:25)**

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT

besta sætið

**07.00 Spænski boltinn** Útsending frá leik Barcelona og Getafe í spænska boltanum.

**17.30 Spænski boltinn** Útsending frá leik Barcelona og Getafe í spænska boltanum.

**19.10 NFL-deildin** Útsending frá leik Arizona og New York í NFL-deildinni.

**21.10 Utan vallar** Magnaður umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.

**22.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

**22.30 Þýski handboltinn** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltinn. Handknattleikur á heimsmeiliskvarða.

**23.10 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**23.55 World Series of Poker 2008** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu póker-spilarar í heiminum.

## SPORT 2

enski boltinn

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Sunderland og West Ham.

**16.05 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Newcastle.

**17.45 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifið á einum stað.

**18.45 PL Classic Matches** Newcastle - Sheffield Wednesday. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.20 PL Classic Matches** Everton - Leeds, 1999. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

▶ **19.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Wigan og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

**22.00 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifið á einum stað.

**23.00 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaði.

**23.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Wigan og Everton.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil (e)**

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.00 Vörutorg**

**18.00 Dr. Phil** Sjónvarpsálfraeðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að vandamáli og gefur góð ráð.

**18.45 Game tívi (11:15)** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

**19.20 Charmed (10:22)** Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganomir. (e)

**20.10 Friday Night Lights (11:15)** Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótbolta- liðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Háskólamir setja mikla pressu á Smash, það er allt í hers höndum heima hjá Taylor þjálfara og Tim Riggins er á í engin hús að vernda.

▶ **21.00 Heroes (3:26)** Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlægum hæfileikum. Sýler heimsækir höfuðstöðvar Fyrirtækisins með skelfilegum afleiðingum. Tólf hættuleg illmennir með ofurkrafta sleppa úr haldi.

**21.50 CSI: New York (14:21)** Bandarísk sakamálaferia um Mac Taylor og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Rannsóknardeildin þarf að leysa flóknar og furðulegar morðgátur í þessum þætti. Annars vegar er það kona sem drukknar í klósettkefla í miðborg New York og hins vegar logandi maður sem lendir á ofurhraða framan á slökkviliðsbíl.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

**23.30 Dexter (2:12) (e)**

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klt. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÓDÝRT HOLLT ÓDÝRT HOLLT ÓDÝRT HOLLT ÓDÝRT HOLLT ÓDÝRT HOLLT



t.d.  
Stórburrito, nachos,  
ostasósa og gos.  
1.500,-  
990,-

Súpervika  
24.-30. nóvember  
allar máltíðir á 990

Culiacan  
MEXICAN GRILL

Faxafeni 9 og Hlíðasmára 15 533 1033 www.culiacan.is

## Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 19.20

## Kompás

Fasteignamarkaðurinn er í molum. Þúsundir íbúða seljast ekki og eftirspurnin er nánast engin. Hvað verður um húsin?

Almenningur horfir á eignir sína brenna upp í verðbólgunni og sumir eru fastir milli tveggja íbúða með tilheyrandi kostnaði. Fjölmargir sjá fram á erfiða tíma og margir sitja eftir í fylrveðsettum fasteignum. Félagsmálaráðherra segir aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar aðeins fyrsta skrefið í að hjálpa heimilunum. Fasteignamarkaðurinn í Kompási í kvöld í opinni dagskrá.



► VIÐ MÆLUM MED  
Borgarafundur í Háskólabíói

## Sjónvarpið kl. 20.00, BEINT

Bein útsending verður frá opnum borgarafundi um ástand efnahagsmála. Frummælendur verða Þorvaldur Gylfason hagfræðingur, Silja Bára Ómarsdóttir alþjóðastjórnsmálafræðingur, Benedikt Sigurðarson framkvæmdastjóri og Margrét Pétursdóttir verkakona. Þegar frummælendur hafa lokið máli sínu verður orðið gefið laust.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfreginir	16.10 Veðurfreginir
06.50 Bæn	16.13 Hlaupanótan
07.30 Fréttayfirlit	17.03 Víðsjá
08.00 Morgunfréttir	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.16 Auðlindin
09.45 Morgunleikfimi	18.23 Fréttayfirlit og veður
10.03 Veðurfreginir	18.26 Spegillinn
10.13 Stefnumót	19.00 Endurómur úr Evrópu
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.00 Leynifélagið
12.02 Hádegisútlit	20.30 Kvika
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Lárétt eða lóðrétt
12.45 Veðurfreginir	22.07 Veðurfreginir
13.00 Vilt og breitt	22.12 Orð kvöldsins
14.03 Bak við stjórnar	22.15 Ársól
15.03 Útlitssagan: Bulgari sambandið	23.05 Á tónsviðinu
15.30 Heimsauga	00.07 Nætturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

16.00 Hollyoaks (65:260)

16.30 Hollyoaks (66:260)

17.00 Seinfeld (3:24)

17.25 E.R. (12:25)

18.10 My Boys (11:22)

18.35 American Dad (5:16)

19.00 Hollyoaks (65:260)

19.30 Hollyoaks (66:260)

20.00 Seinfeld (3:24) Við fylgjumst nú með Íslandsvininum Seinfeld frá upphafi.

20.25 E.R. (12:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óvirkur og lækarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

21.10 My Boys (11:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.

► 21.35 American Dad (5:16) Fjórða serían um Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a. kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur

22.00 Dagvaktin (10:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremmenninganna af Næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.

22.30 Numbers

23.10 Fringe (7:22)

23.55 Kenny vs. Spenny (11:13)

00.20 Sjáðu

00.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

## INN

20.00 Hrafnaping í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Hann ræðir við gest sinn um stjórnsmál líðandi stundar.

21.00 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir ræðir um lífið og tilveruna.

21.30 Í kalfæri Þáttur Jóns Kristins Snæhólms fjallar um málefni Bíafrá.

## DR 1

11.50 Aftenshowet 12.20 Reimers 12.55 OBS 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 14.55 Skum TV 15.10 Tjenesten classic 15.35 Naruto 16.00 Troldspejlet 16.15 Robotboy 16.30 Emil fra Lønneberg 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Supernabo 19.00 Sex, magt og intriger 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Inspector Rebus 22.10 Hvor kragerne vender 22.55 OBS 23.00 Seinfeld

## NRK1

11.00 NRK nyheter 11.10 Sjukehuset i Aidsensfield 12.00 NRK nyheter 12.05 Jessica Fletcher 13.00 NRK nyheter 13.05 Hairy Bikers kokebok 13.35 Allo, Allo! 14.00 NRK nyheter 14.03 AF1 14.30 Keiserens nye skole 15.00 NRK nyheter 15.10 H2O 15.35 Animalia 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Smá Einsteins 17.25 Gjengen på taket 17.40 Distriktnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Fåktor 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Sommer 21.30 Store Studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Dalziel og Pascoe 23.45 Nytt på nytt 00.15 Kultumytt

## SVT 1

11.55 Fröken Vildkatt 13.40 Andra Avenyn 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Rapport 15.05 Bobster 15.30 Skrotnisse och hans vänner 15.45 Pi 16.00 Jultomtens lärning 16.15 Rorri Racerbil 16.25 Mona och Mastiff 16.30 Krokodill 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 18.00 Kulturyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Livet i Fagervik 19.45 Toppform 20.15 Folk i bild 2008 20.30 Hockeykväll 21.00 N'Deaye och jag 22.00 Kulturyheterna 22.15 Dansbandskampen 23.45 Sändningar från SVT24

## Útífundur

## Á INGÓLFSTORGI

mánudaginn 24. nóvember kl. 16.30

## VERJUM VELFERÐINA

## Launþegar!

Í efnahagserfiðleikum verður almenningur að geta treyst á öflugt velferðarkerfi. Látum ekki eyðileggja grunnþjónustu samfélagsins. Verjum velferðina.

**Fjölmennum öll á útífund BSRB, Öryrkjabandalags Íslands, Landssamtakanna Proskahjálpar og Félags eldri borgara í Reykjavík.**



STÉTTARFÉLAG  
Í ALMANNAPJÓNUSTU

SFR er stéttarfélag starfsmanna sem starfa í almannapjónustu og nær yfir allt landið. Félagið berst fyrir bættum kjörum og atvinnuöryggi 7000 félagsmanna sinna. Sjó af hverjum tíu félagsmönnum eru konur. Flestir félagsmanna sinna umönnunar-, heilbrigðis- eða skrifstofustörfum.

Frekari upplýsingar má fá á skrifstofu félagsins:  
SFR - Grettisgata 89 - 105 Reykjavík - sími 525 8340 - sfr@sfr.is - www.sfr.is

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég hlusta á þögnina. Mér finnst hún vera besta tónlistin. Ég reyni að hafa sem mesta ró og frið í kringum mig. Ég hlusta meira að segja ekki á neitt í bílnum meðan ég er að keyra. Ég er svo mikið fyrir frið og ró.“

Hörður Torfason tónlistamaður.

## Geir sýnir mikla leiðtogahæfileika

„Miðað við þær ákvarðanir sem forsætisráðherrann Geir H. Haarde hefur tekið á undanförmum dögum gefa tölurnar hans fulla ástæðu til bjartsýni hjá íslensku þjóðinni,“ segir talnasérfræðingurinn Benedikt Lafleur.

Benedikt hefur settið sveittur við að reikna út tölur þeirra Geirs og Ingibjargar Sólrúnar utanríkisráðherra að undanförmum og hefur komist að þeirri niðurstöðu

að Geir sé að sýna mikla leiðtogahæfileika um þessar mundir. „Geir er mjög sterkur þristur og sú tala blómstrar hjá honum núna,“ segir Benedikt en eðli þristanna býður upp á uppgjör við fjarkann. Davíð Oddsson seðlabankastjóri er til að mynda mjög sterkur fjarki samkvæmt talnaspeki Benedikts. „Það að Geir skuli hafa flýtt landsfundinum og lýst því yfir að endurskoða þyrfti afstöðuna til ESB segir manni að hann sé að

reyna að brjótast undan oki afturhaldsflanna og það er mjög í takt við þristinn,“ útskýrir Benedikt.

Hann er ekkert síður bjartsýnn fyrir hönd Ingibjargar Sólrúnar og telur þau tvö vera ákaflega gott teymi. „Ingibjörg er með mjög sterka nú, sem er fólkið í landinu. Hún getur því átt mjög auðvelt með að tengja Geir við fólkið,“ útskýrir Benedikt. Allir útreikningar Benedikts byggjast hins vegar á því að forsæt-

isráðherrann standi við sín stóru orð. „Ef honum tekst það getur hann leitt okkur út úr þessum vandræðum.“ Þeim sem vilja fræðast meira um þessa talnaspeki er hins vegar bent á bók Benedikts, Reiknaðu þig út, sem er nýkomin út. - fgg



BJARTSÝNN Sundkappinn og talnasérfræðingurinn Benedikt Lafleur segir útreikninga sína gefa ástæðu til bjartsýni.



GOTT TEYMI Geir og Ingibjörg mynda gott teymi samkvæmt útreikningum Benedikts.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. teikning af ferli, 6. rún, 8. for, 9. gagn, 11. gelt, 12. nafngift, 14. ríthöfundur, 16. mun, 17. drulla, 18. skurðbrún, 20. bókstafur, 21. réttur.

## LÓÐRÉTT

1. áfengisblanda, 3. guð, 4. brá, 5. af, 7. heimilistæki, 10. kvenkyns hundur, 13. rangl, 15. mannvíg, 16. ílát, 19. tveir eins.

## LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. púns, 3. ra, 4. augniok, 5. frá, 7. rýksuga, 10. tik, 13. ráf, 15. for, 18. eeg, 20. ká, 21. ragú.  
LÁRÉTT: 2. graf, 6. úr, 8. aur, 9. ný,

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Haukur Hilmarsson
2. Rússland
3. Disneyland

## Auglýsingasími

512  
5050

- Mest lesið

## SIGURJÓN SIGHVATSSON: GERIR KVIKMYND UM SAS-SVEITIRNAR

## Sigurjón semur við Statham

Kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson hefur samið við breska leikarann Jason Statham um að leika í næstu kvikmynd sinni, The Feather Man. Myndin er byggð á fyrstu bókinni um bresku sersveitirnar, SAS.

„Við erum mjög ánægðir með að hafa klófest Statham. Hann er rísandi stjarna í dag,“ segir Sigurjón þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Höfundur bókarinnar er einhver þekktasti landkönnuður Breta, Sir Ranulph Fiennes og olli hún miklu fjaðrafoki þegar hún kom út árið 1993. Fram að þeim tíma höfðu bresk yfirvöld ávallt þvertekið fyrir að SAS-sveitirnar væru til. Leikstjóri myndarinnar verður Gary McKendry en leiðir hans og Sigurjóns hafa legið saman áður því þeir gerðu saman stuttmyndina Everything in This Country Must Go. Hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna 2005. Áætlaður kostnaður við gerð myndarinnar er fimmtíu milljón dollarar eða rúmí sex milljarðar íslenskra króna miðað við núverandi gengi.

Sigurjón segir Sir Ranulph vera æði merkilegan karl. Hann sé mjög áhugasamur um gerð myndarinnar og hringi í sig á nokkurra mánaða fresti til að fá fréttir af gerð hennar. Sigurjón gladdi hann því mjög mikið þegar tilkynnt var að tókur hæfust í maí á næsta ári. „Þetta er mikill töffari og mig minnir að hann hafi, stuttu eftir hjartaðagerð, tekið þátt í maraþonhlaupi sem fólst í því að hlaupa sjö maraþonhlaup á sjö dögum í sex heimsálfum.“ Reyndar má nefna að Ranulph kom til greina sem arftaki Seans Connery í hlutverk James Bond á sínum tíma. Framleiðandannum Albert Broccoli þótt hann hins vegar vera of handstór.

Fiennes-nafnið hringir óeitanlega nokkrum bjöllum en Sir Ranulph er einmitt frændi þeirra Ralphs og Josephs Fiennes sem báðir hafa getið sér gott orð fyrir kvikmyndaleik. Sigurjón stað-



STÓRSTJÖRNUR Jason Statham hefur fallist á að leika eitt aðalhlutverkanna í myndinni. Viðræður standa yfir við Ralph Fiennes og Kate Beckinsale.



HRINGIR REGLULEGA Sigurjón segir Sir Ranulph vera ákaflega áhugasaman um gerð myndarinnar og hringi í sig reglulega til að leita fréttu.

festir að viðræður séu í gangi við hinn fyrrnefnda um að taka að sér hlutverk frænnda síns. Jafn-

framt sé róið að því öllum árum að fá Kate Beckinsale í aðalkvenhlutverkið. freyrgjia@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndavefurinn Twitchfilm.net fjallar á jákvæðum nótum um tvær kvikmyndir sem Íslendingar koma ansi mikið að. Önnur þeirra er víkingamyndin Valhalla Rising sem danski leikstjórinn Nicholas Winding Refn leikstýrir og skartar danska stórleikaranum Mads Mikkelsen í aðalhlutverki. Þórir

Snær Sigurjónsson er einn framleiðanda myndarinnar og segir á vef Twitchfilm að þetta sé einhver mest spennandi víkingamynd í langan tíma.

Önnur mynd á vegum Þóris fær einnig litla fjöður í hattinn sinn. En það er kvikmynd Dags

Kára, The Good Heart. Twitchfilm segir að leikhópurinn sé ákaflega krassandi en hann skipa meðal annars Paul Dano og Brian Cox. Bíða netverjar á Twitchfilm spennit eftir því að fá að skyggast inn í skringilegan og skondinn heim íslenska leikstjórans.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir helgi þá hefur Stefán Karl Stefánsson slegið í gegn í hlutverki Grinch. Vefur bandaríska blaðsins Boston Globe tekur tali nokkra af samstarfsmönnum Stefáns sem hrósa honum í hástert. Fram kemur að enn sé dálítil hreimur á enskunnri hans Stefáns en honum fari fram. Í upphafi greinarinnar kemur jafnframt fram að Stefán Karl hafi afhent umboðsmanni sínum, Nancy Carson, armband með áletruninni Viska í þakk-lætisskyni fyrir stuðninginn að undanförmu. - fgg



## Þakklátur landi og þjóð

„Það virtist vera sama hvað gekk á, Ernesto sagðist hvergi annars staðar vilja vera,“ segir Steinunn Kristín Pétursdóttir, starfsmannastjóri BM Vallár – Smellinn, um Ernesto Riberio sem starfaði hjá fyrirtækinu um árabil. Ernesto hóf störf hjá fyrirtækinu Smellinn á Akranesi í apríl 2005, en þegar kreppan skall á og fækka þyrfti starfsmönnum þyrfti hann frá að hverfa. Síðastliðinn mánudag fór hann aftur til síns heimalands, Portúgal, en áður en hann fór setti hann auglýsingu í Póstinn á Akranesi þar sem hann þakkar vinnustaðnum, Akranesi, landi og þjóð fyrir sig.

„Hann var með fyrstu útlendingunum sem við fengum til starfa og var mjög góður starfskraftur.

Thank you Iceland!  
for this opportunity  
Thank you Akranes  
For this paradise  
Thank you Smellinn  
where I have started  
Thank you everybody  
Ernesto Riberio

ÞAKKAR FYRIR SIG Ernesto þakkar landi og þjóð, Smellinn og Akranesi í auglýsingablaðinu Póstinum.

Hann var bæði duglegur, mætti vel og var aldrei veikur. Við hefðum gjarnan viljað hafa hann áfram,“ segir Steinunn, en starfsfólki hafði verið fækkað töluvert áður en kom til uppsagnar Ernesto.

„Það er mjög gaman að sjá að þessi dvöl hafi verið svona ánægju-



AFTUR TIL PORTÚGAL Ernesto fór til Portúgal á mánudaginn í kjölfar uppsagna hjá fyrirtækinu Smellinn, en hann vann þar frá árinu 2005.

leg. Fyrir okkur sem vinnuveitendur og samfélagið á Akranesi er gott að honum hafi fundist hann velkominn,“ segir Steinunn. - ag



FISKBÚÐIN  
HAFBERG

Gnóðarvogi 44, s. 588 8686.

GLÆNÝ ÝSA, LÚÐA, LAX  
KRYDDSÍLD OG SALTSÍLD

Veljum íslenskt



opið  
mán-fös 10-18:15  
og lau 11-14:00



**50-65% afsláttur**  
af sýningarinnréttingum vegna breytinga.

## Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.  
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

Opið virka daga 10-18  
og laugardaga 11-15

**JKE  
DESIGN**

*Óteljandi möguleikar*

Ögurharf 2 - Kópavogi  
S: 534-0335 Fax: 534-0335  
[www.jke-design.is](http://www.jke-design.is)



**Gesthús Dúna**  
Tveggja manna herbergi  
á kr. 5.000 nóttin  
Uppbúið rúm  
í svefnpokaplássi  
kr. 2.000 nóttin  
Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík  
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is



**BAKÞANKAR**  
Pórhildar Elínar  
Elínardóttur

## Vannýtt auðlind

Hin alltumlykjandi kreppa hefur nú eitruð tilveruna í margar vikur. Hvarvetna getur að líta sökudólga sem eiga það helst sameiginlegt að vera steinhissa á alls kyns ásökunum því tilgangur þeirra hafi svo sannarlega verið góður. Þeir vilji öllum vel og finnst ómaklega að sér vegið. Það sem orkaði tvímælis í viðskiptaháttum hafi annaðhvort verið helber tilviljun eða allavega gert af góðum hug. Ef ég væri ekki svona harðsvíruð þætti mér vitnisburðurinn oft á tíðum mjög sannfærandi.

**ÞEGAR** ógnin um skort á lífsnauðsynjum er jafn nálægt fjölda fólks og nú, er hætt við að önnur aðkallandi verkefni þjóðfélagsins verði undir. Mikilvæg mál eins og jafnrétti kynjanna og barnavernd sem í góðæri áttu undir högg að sækja lenda nú enn þá aftur á forgangslista umræðunnar. Þó eru það þessi mál sem fremur skilgreina þroskastig þjóðar en flest önnur.

**MÁLÞINGI** um jafnrétti sem halda átti í byrjun nóvember var frestað fram yfir áramót undir því yfirskini að málefnið væri svo þýðingarmikið að ekki mætti hætta á að það lenti undir í umræðu um efnahagsmál. Ef jafnrétti kynjanna er mikilvægt í raun og veru en ekki bara til uppfyllingar þegar ekki er um neitt annað að tala, hefði auðvitað átt að hampa því enn frekar. Fyrir utan sérlega baráttuhópa hefur almenn umræða um jafnréttismál verið lítil og lín. Oftsinnis endar hún á þeirri gömlu staðhæfingu að í raun snúist þetta alls ekkert um kyn. Konur séu svo sannarlega ekkert betri en karlar. Því til sönnunar hafi kona ein þegið laglega upphæð við starfslok í stórfyrirtæki fyrir nokkrum árum og önnur sé í vandræðum vegna hlutabréfakaupa í bankanum sem hún nú stýrir.

**REYNDAR** er ég sammála því að konur eru ekki sjálfkrafa betri en karlar. Ef kynjaskipting í ábyrgðarstöðum þjóðfélagsins væri sérlegur hæfniskvarði mætti hins vegar draga þá ályktun að þær væru mun verri. Þau okkar sem hneigjast til jafnréttis geta því væntanlega verið sammála um að þetta snúist nefnilega um kyn. Einmitt núna er þjóðinni mikilvægt að leita í eigin kjarna að nýjum gildum, viðhorfum og lífsreynslu til að efla okkur og finna lausnir. Skyldleikaræktun framgosa er fullreynd, við þurfum á kröftum beggja kynja að halda.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er mánudagurinn  
24. nóvember, 328. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 10.26	13.14	16.02
Akureyri 10.31	12.59	15.27

Heimild: Almanak Háskólans

## LÆKKAÐU SÍMREIKNINGINN

# ALLUR PAKKINN

FRÁ

# 3.990.-



HEIMASÍMI



NET



GSM



Gerðu heimilið jólalegra og vertu í góðu TALSambandi við ástvini um jólin

Þeir sem skrá sig í Allan Pakkann hjá Tali fyrir 15. desember fá að gjöf 2.000 kr. jólainneign í IKEA til að gera heimilið enn jólalegra.